FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

288. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. DESEMBER 2017



Bifreið fór í höfnina á Árskógssandi á þeim stað þar sem dráttarvélin mokar snjónum út í sjóinn. Þar hefur verið komið fyrir fjórum stöplum til að hindra fleiri slík slys. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Bryggjan stóðst ekki núgildandi reglugerð

**Bryggjukanturinn á Árskógssandi var of lágur þegar þrennt lést þar í slysi 3. nóvember síðastliðinn. Kanturinn ekki í samræmi við 13 ára gamla reglugerð. Öryggisúttekt ekki verið gerð á höfninni í nokkur ár að mati sviðsstjóra. Stöplar hafa verið settir upp á bryggjunni.**

**SLYS** Bryggjuendinn á Árskógssandi, þar sem þrír létust í slysi er bíll þeirra fór í sjóinn, var ekki í samræmi við reglugerð.

Þetta kemur fram í bréfi frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa til Dalvíkurbyggðar.

Samkvæmt reglugerð frá 2004 á bryggjuendi að hafa kantbita sem er að lágmarki 20 sentímetrar á hæð. Kantbitinn á Árskógssandi er hins vegar aðeins 15 sentímetrar. Í bréfinu er óskað eftir því að gerðar verði úrbætur til að tryggja öryggi á bryggjunni. Er bréfið barst bænum var brugðist við því og komið fyrir umferðarstöplum við enda bryggjunnar til að tryggja betur öryggi.

Slysið varð 3. nóvember síðastliðinn. Í bílnum var par sem búsett var í Hrísey og barnung dóttir þeirra.

Fjölskyldan var að koma frá Akureyri. Bíll þeirra endaði í sjónum á hvolfi þetta kvöld með þeim afleiðingum að öll þrjú létust. Talið er að stúlkan og annað foreldrið hafi drukknað en að ökumaðurinn hafi verið látinn áður en bílinn fór út af bryggjunni.

Þorsteinn K. Björnsson, sviðsstjóri veitu og hafna Dalvíkurbyggðar, segir bryggjuna frá 1987. Reglugerðin sem vitnað sé í sé frá 2004.

„Við höfum hins vegar brugðist við þessum ábendingum, sett upp stöpla við slysstaðinn og munum fara í framkvæmdir á næstunni til að uppfylla núgildandi reglugerð,“ segir Þorsteinn. „Framkvæma á öryggisúttekt einu sinni á ári á höfnunum en yfirhafnarvörður kannast ekki við að slík úttekt hafi farið fram í nokkur ár.“

Samgöngustofa hefur eftirlit með öryggi í höfnum. Síðasta skoðun á Árskógssandi var 14. október 2014. Hún beindist aðallega að björgunartækjum auk varúðarmerkinga á stigum og bryggjuköntum.

> **Skoða þarf áfram með hvaða hætti öryggi verður best tryggt.**
>
> Þórhildur Elín Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu

Samkvæmt reglugerð eiga hafnaryfirvöld að skipuleggja öryggiseftirlit. Samgöngustofa á að sannreyna eftirlitið og öryggisþætti einu sinni á ári eða oftar.

„Endurtekin slys segja okkur að skoða þarf áfram með hvaða hætti öryggi verður best tryggt í höfnum landsins,“ segir Þórhildur Elín Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu. Ný reglugerð geri ráð fyrir því að innra eftirlit hafna sé sannreynt með reglubundnum hætti.

„Eftir banaslysið á Árskógssandi var haldinn fundur með Hafnasambandi Íslands og í framhaldinu var höfnum landsins sent dreifibréf er varðar öryggismál. Hafnaryfirvöld hafa unnið ötullega að því að draga úr áhættu en slysavarnir þurfa að vera og eru í stöðugri endurskoðun,“ segir Þórhildur. – **sa**

## Tugþúsundir til Rússlands á HM

**LÍFIÐ** Samkvæmt könnun Fréttablaðsins ætla 14 prósent þeirra sem tóku afstöðu að rúlla til Rússlands að horfa á HM.

Þetta gerir um 37 þúsund manns, séu niðurstöðurnar yfirfærðar á alla landsmenn á aldrinum 18 ára og eldri.

Þess má geta að talið er að átta prósent þjóðarinnar, eða 27 þúsund manns, hafi verið í Frakklandi á Evrópumótinu árið 2016. **– bb /** **sjá síðu 58**



**Stuðningsmenn eru tilbúnir.**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kári Jónasson segir Isavia hafa farið yfir strikið. 22

**SPORT** Engin spurning eftir að Alfreð hringdi í Gísla. 32

**TÍMAMÓT** Nú geta allir fylgst með Hrafnistu á Snapchat. 33

**MENNING** Sigurður Magnússon sýnir Umbrot eftir 12 ára hlé. 44



**LÍFIÐ** Ljóð eru í tísku þessa stundina. 60

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Veður á landinu í dag verður tvískipt. Vestan megin verður fremur hæg norðanátt, bjartviðri og harðnandi frost. Austan til má hins vegar búast við norðan hvassviðri eða stormi með éljum og vægu frosti.

SJÁ SÍÐU 42



**Unnur Brá Konráðsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Leiðtogasætið í sigtinu hjá Unni

**STJÓRNMÁL** Unnur Brá Konráðsdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis, íhugar nú hvort hún ætli að bjóða sig fram í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

„Það er í skoðun. Það hafa ansi margir heyrt í mér varðandi þetta,“ segir Unnur Brá. Aðspurð segir hún stutt síðan þessi hugmynd kom upp en Unnur, sem var þingmaður Suðurkjördæmis, datt út af þingi í kosningunum 28. október síðastliðinn.

Fyrirhugað var að leiðtogakjör Sjálfstæðismanna færi fram í nóvember en því var slegið á frest vegna kosninganna. Nú hefur verið ákveðið að kjörið fari fram þann 27. janúar næstkomandi en opnað verður á framboð mánuði fyrr, 27. desember. Framboðsfrestur verður tvær vikur.

Fyrirkomulagið verður á þann veg að kosið verður um oddvita listans en uppstillingarnefnd mun sjá um að raða í önnur sæti listans.

Áslaug Friðriksdóttir og Kjartan Magnússon, sitjandi borgarfulltrúar, hafa gefið út að þau muni sækjast eftir því að fara fyrir listanum. Í hópi annarra sem nefnd hafa verið í sömu andrá má nefna Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa, Borgar Þór Einarsson, aðstoðarmann utanríkisráðherra, Eyþór Arnalds, einn eigenda Morgunblaðsins, og Svanhildi Hólm Valsdóttur, aðstoðarmann fjármálaráðherra. **– jóe**

# Heiðruðu kýr fátæka mannsins



Geitardagur var í gær í Hlemmi Mathöll, sem var kallaður Hlemmur Geithöll af því tilefni. Dagurinn var liður í sýningu útskriftarnema í meistaranámi í hönnun við Listaháskóla Íslands. Tvær geitur voru til sýnis. Einnig voru í boði geitaréttir á þremur veitingastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bæta rafmagnið í Þorlákshöfn

**SAMGÖNGUR** Vinna stendur yfir við að bæta landtengingu fyrir rafmagnsskip í Þorlákshöfn. Þetta kemur fram í fundargerð hafnarstjórnar.

Ferjan Mykines hefur um nokkurra mánaða skeið siglt frá Rotterdam til Þorlákshafnar. Gerð var sérstök skoðun á skipinu við úttektina. Í fundargerðinni kemur fram að þegar skipið er við bryggju taki það allan tiltækan straum á staðnum. Leggja þurfi sértaug frá spennistöð RARIK.

Meðal jákvæðra afleiðinga bættrar landtengingar eru minna kolefnisspor, loftgæði og hljóðmengun komi til með að minnka og bætt vinnuaðstaða fyrir vélstjóra skipa vegna viðhaldsvinnu.

Einnig hefur komið fram að nýr Herjólfur verður svokölluð tvinnferja og mögulegt að tengingin nýtist í þau skipti sem ferjan siglir til Þorlákshafnar. Hafnarstjórn fól hafnarstjóra að halda vinnu áfram. **– jóe**

# Berjum hent í tonnavís

## Eiríkur Ágústsson bóndi þurfti eftir opnun Costco að henda nokkrum tonnum af jarðarberjum. Stærstu jarðarberjabændurnir vona að Íslendingar velji íslenskt.



**Eiríkur Ágústsson segir tilkomu Costco vera mikið högg.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta hafði heilmikil áhrif á okkur. Salan dróst verulega saman og við þurftum í kjölfarið að lækka verð til að koma vörunni út,“ segir Hólmfríður Geirsdóttir, garðyrkjubóndi á Kvistum í Reykholti í Biskupstungum.

Einn jarðarberjabóndi sem Fréttablaðið ræddi við þurfti í sumar henda einhverjum tonnum af jarðarberjum. Koma heildsölurisans Costco hafði veruleg áhrif á stéttina.

Nærri lætur að 180 tonn af jarðarberjum hafi verið flutt til landsins í júní, samanborið við 53 tonn í fyrra. Íslenskir bændur framleiða um það bil 50 tonn af jarðarberjum á ári.

Hólmfríður, sem framleiðir meðal annars jarðarber, hindber og brómber og hefur hátt í 20 manns í vinnu á sumrin, segir að hún hafi sem betur fer ekki þurft að henda uppskerunni en að hún hafi orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu. Hólmfríður segir áhrifin jafnvel hafa verið verri hvað snertir brómber og hindber.

„Við fengum góðan skell á okkur þar, meira en í jarðarberjunum,“ segir Hólmfríður. Uppskerunni hafi verið bjargað frá því að skemmast, meðal annars með því að frysta ber.

Eiríkur Ágústsson, garðyrkjubóndi í Silfurtúni á Flúðum, segir verð fyrir jarðarber hafi lækkað um 20 til 25 prósent í sumar. Það hafi þó leitað jafnvægis síðan.

Eiríkur tók á móti sex til átta hundruð manns eina helgi í ágúst er hann bauð hverjum sem vildi að tína ber án greiðslu til að koma í veg fyrir að henda þyrfti berjunum.

Eiríkur segir að höggið hafi verið mikið þegar Costco var opnað og segir að innlendir verslunarmenn hafi brugðist við með því að stilla fram erlendum berjum í auknum mæli. „Þetta er mikið tjón en það jafnaði sig aðeins þegar leið á sumarið.“ Þá hafi íslensku berin aftur fengið sinn sess í búðum landsins.

> **Eitt ár er í lagi en ef það koma tvö eða þrjú í viðbót lendi ég í vandræðum.**
>
> Hólmfríður Geirsdóttir, garðyrkjubóndi á Kvistum í Reykholti



Eiríkur, sem framleiðir um 20 tonn af jarðarberjum á ári, segir að með haustinu hafi salan aukist á ný.

Eiríkur byggir afkomu sína aðallega á sölu jarðarberja.

„Já, maður hefur áhyggjur af þessu. Maður veit ekkert hvað gerist – eða hvað markaðurinn gerir.“ Hann segist hafa þurft að láta starfsfólk, sem hann hafði ætlað að hafa í vinnu í vetur, fara vegna þessa. Spurður hversu mikið af berjum hafi skemmst segir Eiríkur að um „fáein tonn“ hafi verið að ræða.

Einar Pálsson, garðyrkjubóndi í Sólbyrgi, segir að áhrifin á hans rekstur hafi ekki verið jafn mikil og þau Hólmfríður og Eiríkur lýsa. Hann segir að ómögulegt sé að keppa við Costco hvað verð snertir.

„En við getum klárlega keppt við þá í gæðum og kolefnisfótsporum,“ segir Eiríkur sem trúir að Íslendingar haldi tryggð við innlenda framleiðslu. Í sama streng tekur Hólmfríður á Kvistum sem kveðst bjartsýn og ætla að halda sínu striki.

„Ég vona að Íslendingar hugsi svolítið áður en þeir kaupa innflutta vöru – þó ekki væri nema um vatnið. Ber eru 90 til 95 prósent vatn. Hér er notað hreint íslenskt vatn á meðan sums staðar erlendis er víða notað endurunnið vatn eða jafnvel skólp,“ fullyrðir hún.

Hólmfríður, sem ræktar líka trjáplöntur, segist ekki þola mörg ár eins og það sem nú er að renna sitt skeið. „Eitt ár er í lagi en ef það koma tvö eða þrjú í viðbót lendi ég í vandræðum. Þetta er allt í járnum.“

**baldurg@frettabladid.is**





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
Opið til
21:00
SKÚTUVOGI
Alla daga
til jóla
Jólaveisla
TAX FREE
Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
DEWALT
Inniseríur, gervijólatré,
jólaskraut á jólatréð
og allar borvélar
Íslensk
stafafura
150-200 cm
Beint frá bónda.
Sérræktuð jólatré fyrir Blómaval.
Takmarkað magn
Gildir til 10. desember
6.990kr.
8.990kr.
Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman
husa.is

# Hafnað að fjarlægja tíkina Rökkvu af heimili sínu þrátt fyrir bit

**STJÓRNSÝSLA** Hundurinn Rökkva verður ekki fjarlægður af heimili sínu að Álfhólsvegi 145. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í umhverfis- og auðlindamálum (ÚUA).

Álfhólsvegur 145 er tvíbýli og býr Rökkva, sem er af tegundinni Alaskan Malamute, á neðri hæð hjá eigendum og þremur öðrum hundum. Á efri hæðinni er tvo hunda að finna en þeir eru í eigu Semu Erlu Serdar.

Atvik málsins eru þau að í mars á þessu ári var annar hunda Semu úti í garði ásamt Rökkvu. Niðurstaðan varð sú að Rökkva beit hundinn og Semu. Sex mánuðum síðar beit Rökkva hinn hund Semu.

„[Sema] þori ekki inn á lóðina nema hún viti að enginn sé heima á neðri hæðinni þar sem íbúar þar hafi haldið áfram að hleypa hundunum eftirlitslausum út, einnig hundinum sem hafi bitið kæranda," segir meðal annars í rökstuðningi Semu fyrir nefndinni.

Í athugasemdum eigenda Rökkvu segir að henni standi ógn af öðrum hundum og hún bregðist við þeim á árásargjarnan hátt. Í bæði skiptin sem óhöpp hafi orðið hafi íbúi efri hæðarinnar sett hunda sína út á meðan þeirra hundar voru úti.



**Ég er búin að grípa til ráðstafana svo við lendum ekki oftar í þessum hundi.**

Sema Erla Sedar

Niðurstaða heilbrigðisnefndar, sem kærð var til ÚUA, fól í sér að Rökkva væri send í atferlismat. Ekki þótti ástæða til að fjarlægja hana. Þá sagði nefndin að auðveldlega mætti koma í veg fyrir rimmur af þessu tagi.

„Ég er búin að grípa til ráðstafana svo við lendum ekki oftar í þessum hundi. Ég er auðvitað ekki sátt við úrskurðinn," segir Sema Erla en vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti. **– jóe**

## Gögn um einelti á Húsavík rýr

**SKÓLAMÁL** Foreldrar stúlku sem upplifað hefur einelti á Húsavík um árabil segja að skólayfirvöld þar hafi algjörlega brugðist henni.

Er rætt var við Þórgunni Reykjalín Vigfúsdóttur, skólastjóra Borgarhólsskóla, í fréttum Stöðvar 2 fyrir rúmum mánuði sagði hún að í eineltismálum væri allt mjög vel skráð. Foreldrar stúlkunnar fengu með eftirgangsmunum öll umrædd gögn en þau reyndust gefa litla mynd af málinu.

„Já, klárlega gerðum við mistök með því að skrá ekki betur allar þær aðgerðir sem var farið í," sagði skólastjórinn á Stöð 2 í gærkvöldi. „Ég get beðist afsökunar á því að gögnin eru ekki formlega skráð." **– jkj**



**Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir, skólastjóri Borgarhólsskóla á Húsavík**

## Fasteignagjöld lækka í borginni

**REYKJAVÍK** Fasteignagjöld í Reykjavík munu lækka um 10 prósent á næsta ári. Þetta er meðal þess sem má finna í nýsamþykktri fimm ára fjárhagsáætlun borgarinnar.

Fasteignagjöld hafa undanfarið verið 0,20 prósent af fasteignamati eigna en verða 0,18 prósent eftir breytinguna. Að auki verða í boði sérstakir afslættir af gjaldinu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Á næstu fimm árum er áætlað að 69 milljarðar króna renni í uppbyggingu húsnæðis og aðrir átján milljarðar í uppbyggingu innviða. Sérstök áhersla verður þar lögð á götur, stíga og íþróttamannvirki.

Þá var samþykkt að námsgögn í grunnskólum borgarinnar verði gjaldfrjáls. **– jóe**

# Mörg dæmi um að ungmenni dreifi örvandi lyfjum ólöglega

**Tæplega átján prósent tíundu bekkinga sem hafa fengið ávísuð örvandi lyf hafa dreift þeim áfram. Flestir selja þau. Lektor í hjúkrunarfræði segir aukna löggæslu ekki vera lausnina. Foreldrar þurfi að vera meðvitaðir um hættur og að börn geti verið undir þrýstingi frá þeim sem ásælast lyfin vegna vímuefnaneyslu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta virðist vera töluvert algengara hér heldur en við erum að sjá erlendis," segir Gísli Kort Kristófersson, lektor í hjúkrunarfræði á Heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri.

Gísli er fyrsti höfundur greinar um ólögmæta dreifingu örvandi lyfseðilsskyldra lyfja meðal unglinga í 10. bekk. Gögnum var safnað í febrúar 2015.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru þær að af 2.306 nemendum sem tóku þátt í könnuninni sögðust 9 prósent (208) hafa fengið örvandi lyf við athyglisbresti með ofvirkni. Strákar voru rúmlega helmingi líklegri til að hafa fengið slík lyf uppáskrifuð en stúlkur. Tæplega 18% unglinganna í könnuninni kváðust hafa dreift lyfjunum sínum til annarra með einhverjum hætti, annaðhvort með því að hafa selt þau, gefið þau eða skipt þeim fyrir eitthvað annað. Flestir seldu þau.

„Við héldum að við þyrftum að hafa áhyggjur af eldri hópum en svo kemur í ljós að þetta er hátt hlutfall hjá krökkum í tíunda bekk. Það þýðir bara að við þurfum að vera vakandi fyrir þessu líka þar," segir Gísli í samtali við Fréttablaðið. Hann segir þessa niðurstöðu alls ekki þýða að öll börn sem fá örvandi lyf geri ekki sitt gagn. „Þau gera það svo sannarlega og við þurfum bara að vera okkur meðvitandi um það að þessi lyf eru líka ákveðin neysluvara sem er eftirsótt og gengur kaupum og sölum."

Gísli segir að skaðinn af ólöglegri lyfjadreifingu sé tvenns konar. Í fyrsta lagi liggi í hlutarins eðli að börnin taki ekki nauðsynleg lyf ef þau eru að selja þau eða gefa. Þau verða því af nauðsynlegri lyfjameðferð. „Síðan eru það þeir einstaklingar sem eru að nota þessi lyf sem vímuefni."

Gísli telur ekki að aukin löggæsla sé rétta leiðin til að takast á við þennan vanda. „Heldur frekar til dæmis að foreldrar viti að það sé áhætta, að það gæti til dæmis verið þrýstingur á þessa krakka að selja, skipta eða gefa," segir Gísli. Foreldrar þurfi að halda vel utan um þessa lyfjagjöf og hafa eftirlit með henni eins lengi og hægt er.




Af 2.306 nemendum sögðust 208 hafa fengið örvandi lyf við athyglisbresti með ofvirkni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Til dæmis er hægt að skoða með þvagprufum hvort krakkarnir séu ekki örugglega að taka lyfin.**

Gísli Kort Kristófersson, lektor í hjúkrunarfræði



Gísli segir nokkrar leiðir til að fylgja lyfjagjöfinni eftir. „Til dæmis er hægt að skoða með þvagprufum hvort krakkarnir séu ekki örugglega að taka lyfin," bætir Gísli við. Hann segir dæmi um það erlendis að verið sé að kúga lyf út úr krökkunum. Slík dæmi séu hins vegar ekki þekkt hér heima.

**jonhakon@frettabladid.is**





★★★★

„Fáir rithöfundar hafa jafn fágaða stílvitund og Gerður ... Launfyndin saga sem leynir á sér – lesið hana helst tvisvar."

HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... nær stemningu níunda áratugarins vel ... skemmtilega skrifuð."

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Ótrúlega launfyndin og sterk, vel skrifuð og samin."

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | helgar 11–17




- 12 punktar af hverjum 1.000 kr.
- 30 þúsund viðbótarpunktar
- Víðtækar ferðatryggingar
- Flýtiinnritun
- Saga Lounge
- Bílastæði í 3 daga
- Priority Pass kort
- Icelandair Golfers
- Sixt Platinum kort

KREDITKORT

550 1500
kreditkort@kreditkort.is
kreditkort.is



**Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Taka á ofbeldi í Samfylkingunni

**SAMFÉLAG** Samfylkingin vinnur þessa dagana að því að taka upp verkferla sem gera eiga flokknum kleift að taka á kynferðisbrotum, kynferðislegri áreitni og einelti. Logi Einarsson, formaður flokksins, segir vinnuna fyrst og fremst hafa miðað að atvikum sem verði milli félagsmanna Samfylkingarinnar.

Hugsanlegt er að sú vinna verði útfærð öðruvísi eftir að Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, lýsti um helgina upplifun sinni af þeim mótmælum sem voru fyrir framan heimili hennar vorið 2010 og þegar hvatt var til þess í opinberum skrifum að hún yrði beitt kynferðislegu ofbeldi.

> Nýir verkferlar eiga að gera Samfylkingunni kleift að taka á kynferðisbrotum, kynferðislegri áreitni og einelti.

„Ég hef sagt að það sé sjálfsagt mál að skoða hvort og þá með hvaða hætti við hefðum getað sýnt henni meiri stuðning í þessu tilfelli,“ segir hann.

Logi telur ekki hægt að skoða þá atburðarás sem varð öðruvísi en í tengslum við #metoo byltinguna. „Við sjáum að konur hafa orðið verr fyrir barðinu á þessu umhverfi en við karlarnir,“ segir hann.

Þessi mál voru á dagskrá fundar framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar í gær.

„Við erum að móta verkferla og skipa fagráð sem tekur á þessum málum. Ég vona að það verði samþykkt að við tökum þetta mál sérstaklega og förum yfir það. Það verður fyrst og fremst gert til þess að fyrirbyggja að svona geti gerst aftur. Það verður ekki settur á föt einhvers konar dómstóll,“ segir Logi. – jhh

# Umdeilt dómskerfi á fleygiferð

**Stórt ár er í vændum hjá dómstólum landsins. Kerfisbreytingar, endurupptaka Geirfinnsmálsins og dómarar standa í málaferlum. Nýr formaður Dómarafélagsins segir dómara mega opna sig meira í almennri umræðu.**



**Karl Axelsson og Benedikt Bogason hæstaréttardómarar á fundi Dómarafélagsins á dögunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**DÓMSTÓLAR** Búast má við viðburðaríku ári hjá dómstólum landsins. Nýtt dómstig tekur til starfa 1. janúar næstkomandi og í kjölfarið mun starfsemi Hæstaréttar taka miklum breytingum. Auk þessara kerfisbreytinga þarf dómskerfið að takast á við mjög erfið og umdeild mál á komandi ári. Má þar nefna annars vegar meiðyrðamál sitjandi dómara í Hæstarétti gegn fyrrverandi hæstaréttardómara; mál sem gera má ráð fyrir að allir skipaðir dómarar landsins verði vanhæfir til að dæma í. Hins vegar þarf Hæstiréttur að takast á við endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála en margir hafa haft á orði að þar sé réttarkerfið sjálft, og þar með talinn Hæstiréttur sjálfur, fyrir rétti.

Þessar áskoranir þarf dómskerfið að takast á við í skugga neikvæðrar umræðu um dómara og dómskerfið sjálft. Af ýmsu er að taka í þeim efnum. Fyrst er að nefna bæði pólitískan titring og lagalegan ágreining sem skipun dómara við Landsrétt hleypti af stað. Deilt er um lögmæti skipunarinnar fyrir dómstólum og enn er beðið endanlegrar niðurstöðu þeirra mála á æðra dómstigi.

Þá hefur fréttaflutningur af launahækkunum og hlutabréfaeign dómara valdið titringi bæði innan og utan réttarkerfisins, en í kjölfar umfjöllunar um hlutabréfaeign dómara hafa bæði Lögmannafélagið og Ríkissaksóknari lýst efasemdum um hæfi dómara í tilteknum sakamálum sem varða föllnu bankana.

Síðast en ekki síst lætur hinn óþægi fyrrverandi hæstaréttardómari Jón Steinar Gunnlaugsson sér ekki segjast og gefst ekki upp á að gagnrýna starfshætti í Hæstarétti.

„Ég verð að segja að Jón Steinar hefur afar lítil áhrif á umræðuna á okkar vettvangi,“ segir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari og nýr formaður Dómarafélags Íslands, um gagnrýni Jóns Steinars. „En hann hefur auðvitað velt upp fjöldanum öllum af álitamálum í ritferli sínum um réttarkerfið og margt sem hann hefur tæpt á eru viðfangsefni sem hafa verið skoðuð sérstaklega,“ segir Ingibjörg.

Hún bendir á að sjaldan hafi átt sér stað jafnmikil umræða um dómskerfið og um þessar mundir og nefnir álagið á Hæstarétt, þörf fyrir alvöru áfrýjunardómstól og umbætur í stjórnsýslu dómstólanna.

„Þetta eru allt hlutir sem hafa verið gagnrýndir og meðal annars af Jóni Steinari. Núna stöndum við á þeim tímamótum að það er verið að ráðast í miklar kerfisbreytingar sem vonandi færa margt af þessu til betri vegar,“ segir Ingibjörg og tekur Hæstarétt sem dæmi. „Hæstiréttur verður allt annars konar stofnun sem æðsti dómstóll landsins. Fimmtán nýir dómarar taka til starfa á nýju dómstigi sem verður raunverulegur áfrýjunardómstóll þar sem hægt er að endurmeta sönnunargildi allra sönnunargagna. Þetta eru auðvitað stórkostlegar breytingar,“ segir Ingibjörg og nefnir einnig stjórnsýsludómstólana. „Það er verið að setja á stofn nýja sjálfstæða stjórnsýslustofnun; dómstólasýsluna í stað hins veikburða dómstólaráðs sem verður lagt niður. „Þetta er til marks um að dómskerfið er í þróun og á fleygiferð,“ segir Ingibjörg.

Meðal þess sem Jón Steinar Gunnlaugsson hefur gagnrýnt í bókum sínum og almennri umfjöllun um störf dómara er tregða dómara til að taka þátt í opinberri umræðu um dómarastörf og sjónarmið að baki dómsniðurstöðum. Aðspurð segir Ingibjörg erfitt fyrir dómara starfa þeirra vegna að taka of virkan þátt í hinni almennu umræðu. „En kannski hafa dómarar verið of ragir við það,“ segir Ingibjörg og bætir við: „Ég er sammála því að það er ómögulegt að dómskerfið sem slíkt svari ekki málefnalegri gagnrýni. Annað getur maður þurft að láta fram hjá sér fara, en auðvitað ætti að vera til vettvangur fyrir þá sem óska eftir málefnalegri umræðu um dómskerfið.“

Hún segir það visst einkenni á dómskerfinu að dómarar tali í gegnum dóma sína og með rökstuðningi sínum. „En við höfum kannski verið of lokuð, það kann vel að vera. Hér í Danmörku til dæmis er dómari sem bloggar um dómarastarfið,“ segir Ingibjörg sem er í námsleyfi í Danmörku um þessar mundir.

adalheidur@frettabladid.is

### Gagnrýni Jóns Steinars Gunnlaugssonar tekið með þögn:



„Flest teljum við að dómstólar eigi að starfa eftir lögum og dæma eftir lögum. Þar eigi þjóðfélagslegur þrýstingur eða persónuleg óvild dómara á mönnum og málefnum engin áhrif að hafa. Bendi einhver sem þekkir til mála á að hér sé pottur brotinn vitum við ekki hvernig við eigum að bregðast við. Í aðra röndina kunnum við jafnvel að fagna því að enginn þeirra sem með dómsvaldið fer skuli taka til andsvara við svona gagnrýni, því umræðurnar yrðu svo ónotalegar. Þögnin verður því nærtækasta svarið við þessum óþægilegu ásökunum.“ (Jón Steinar Gunnlaugsson: Með lognið í fangið, 2017).

> Ég er sammála því að það er ómögulegt að dómskerfið sem slíkt svari ekki málefnalegri gagnrýni.



Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómari og formaður Dómarafélags Íslands



F&F

# Gjafadagar

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM F&F VÖRUM DAGANA 7.-10. DESEMBER



**Verð nú 3.944kr**
verð áður 4.930kr
vnr. 667-5566



**Verð nú 2.360kr**
verð áður 2.950kr
vnr. 478-5981




**Verð nú 2.360kr**
verð áður 2.950kr
vnr. 550-9319



**Verð nú 1.176kr**
verð áður 1.470
vnr. 312-1136

# Mikill skortur á fræðslu og forvörnum vegna áreitni vinnumarkaði á Íslandi

**Sameiginlegar yfirlýsingar kvenna um kynferðislega áreitni og ofbeldi innan ýmissa starfsgreina opinbera mikinn skort á fræðslu og forvörnum í vinnuvernd. Sérfræðingur á sviði vinnuverndar segir mikla aukningu eftirspurnar eftir fræðslu á vinnumarkaði.**



Stjórnmálakonur voru þær fyrstu sem stigu fram á Íslandi með sögum um áreitni og ofbeldi. Á myndinni eru Heiða Björg Hilmisdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Björt Ólafsdóttir og Rósa Björk Brynjólfsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SAMFÉLAG** Síðastliðnar vikur hafa konur í stjórnmálum, sviðslistum, kvikmyndagerð og vísindum sent frá sér sameiginlegar yfirlýsingar um kynferðislega áreitni, ofbeldi og aðra óviðeigandi hegðun karlmanna í þeirra garð.

Vinnustaðir og stofnanir, stéttarfélög og félagasamtök hafa brugðist við þessum yfirlýsingum kvenna með vilja til breytinga á verklagi og menningu á vinnustöðum, sem er þó eitthvað sem vinnustaðir áttu að vera byrjaðir að vinna að samkvæmt reglugerð nr. 1009 frá 2015. Í reglugerðinni er lögð áhersla á að innan hvers vinnustaðar sé stuðlað að forvörnum og aðgerðum gegn slíkri háttsemi.

Vinnueftirlitið hefur leiðbeinandi hlutverk og eftirlitsskyldu í þessum málum. Stofnuninni ber að stuðla að og efla forvarnir og sjá til þess að atvinnurekandi grípi til viðeigandi úrbóta í vinnuumhverfinu þegar við á.

„Þetta þarf að vera til staðar á öllum vinnustöðum á Íslandi en það er, eins og svo margt sem snýr að vinnuvernd, bara ekki til staðar," segir Jóhann Friðrik Friðriksson, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu.

„Ég veit að við þurfum að fara í heljarinnar átak á þessu sviði, við þurfum að fara í átak til að tryggja að vinnustaðir séu að fylgja lögum og reglum, við þurfum að tryggja að starfsmenn viti hvar þeir standa og hvar þeirra réttur liggur. Við þurfum að ýta undir að almenningur skilji til hvers er ætlast af vinnuveitendum og starfsmönnum. Þeir bera líka ábyrgð. Þetta helst allt í hendur," segir Jóhann Friðrik.

Samkvæmt heimasíðu Vinnueftirlitsins eru 22 utanaðkomandi aðilar með vottun til að sinna slíkri þjónustu. Rakel Davíðsdóttir, sálfræðingur hjá Lífi og sál – Sálfræðistofu, segir að þau hafi fundið mun strax eftir að reglugerð var sett árið 2015, en núna, í kjölfar #metoo, sé talsverð eftirspurn eftir þjónustu þeirra. Hún hafði ekki tölur um hversu mikil aukningin er á milli ára eða mánaða en sagði þó að næstu vikur og mánuði væri mjög mikið að gera í þessu hjá þeim.

„Forvarnarvinna hefur aukist töluvert, fræðsla um þetta málefni. Að við séum beðin um það og eins stuðningsviðtöl við fólk sem verður fyrir þessu," segir Rakel.

> **Það sem einum kann að finnast í lagi finnst öðrum kannski bara mjög óþægilegt.**
>
> Rakel Davíðsdóttir, sálfræðingur



„Þetta eru alls konar vinnustaðir og í öllum geirum," segir Rakel. „Við sjáum þetta í ýmsum birtingarmyndum. Mjög margir leita til okkar í forvarnarskyni og vilja sinna sinni skyldu. Síðan erum við líka að fá beiðnir um ráðgjöf og stuðningsviðtöl inni á vinnustöðunum. Ég held að það sé alveg hægt að segja að þetta sé að hafa áhrif. Að fólk þori frekar að koma fram."

Rakel telur að #metoo sé að hafa mikil áhrif á vinnumarkaðinn.

„Sumir eru bara mjög áhugasamir um að átta sig betur á þessu og skilja að mörk okkar eru ólík og það sem einum kann að finnast í lagi finnst öðrum kannski bara mjög óþægilegt," heldur Rakel áfram. „Við getum ekki leyft okkur að segja bara eins og kannski var gert áður fyrr: „Æ, hann er bara svona eða hvaða viðkvæmni er þetta." Svona viðhorf ganga ekki lengur. Það er þessi vitundarvakning í þjóðfélaginu."

**lovisaa@frettabladid.is**




## Þau sem rufu þögnina maður ársins hjá Time

**BANDARÍKIN** Time útnefndi í gær „Þau sem rufu þögnina" sem mann ársins hjá tímaritinu. Er þar átt við það fólk, mestmegnis konur, sem töluðu opinskátt um reynslu sína af kynferðislegri áreitni og ofbeldi á árinu. Í rökstuðningi Time segir að #metoo-hreyfingin, sem spratt upp eftir að kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein var sakaður um slík brot, sé hluti þessarar bylgju en þó sé átt við stærri hóp fólks.




„Þetta eru hröðustu samfélagsbreytingar sem við höfum séð í áratugi. Þetta hófst með því að hugrakkir einstaklingar, hundruð kvenna og einhverjir karlar líka, stigu fram til að segja sögu sína," sagði ritstjórinn Edward Felsenthal við NBC í gær.

Í rökstuðningi tímaritsins segir enn fremur að enginn leiðtogi sé innan hreyfingarinnar og engin ein skilaboð. „Þessi bylgja virðist hafa brotist út á einni nóttu en í raun hefur þetta verið kraumandi undir yfirborðinu í mörg ár, áratugi, jafnvel aldir."

Forsíðu tímaritsins prýddu fjórar konur sem allar hafa talað gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Leikkonan Ashley Judd, sem var ein af þeim fyrstu sem tjáðu sig um mál Weinsteins, söngkonan Taylor Swift, sem vann mál sitt gegn plötusnúði sem greip í rass hennar, Isabel Pascual, jarðarberjatínslukona frá Mexíkó, Adama Iwu, starfsmaður þrýstihóps í Sacramento, og Susan Fowler, fyrrverandi verkfræðingur hjá Uber, en grein hennar um kynferðislega áreitni innan fyrirtækisins leiddi til afsagnar forstjóra Uber.

Donald Trump Bandaríkjaforseti lenti í öðru sæti þetta árið eftir að hafa fengið útnefninguna í fyrra. Í nóvember tísti hann um að Time hefði hringt í sig og sagt honum að hann yrði líklegast maður ársins á ný. Hann hefði hins vegar hafnað boði Time um að mæta í viðtal og myndatöku. „Líklega" væri ekki nógu gott fyrir hann. **– þea**




# Q5 á sérkjörum

## Nokkrir einstaklega vel útbúnir Audi Q5 á sérkjörum og til afhendingar strax.

### Audi Q5 Quattro Sport 2.0 190 hö

Audi Connect með innbyggðu SIM korti
MMI Navigation Plus
Audi Stafrænt mælaborð
Lyklalaust aðgengi með snertilausri opnun á skotti
LED aðalljós
Bílhitari með fjarstýringu
Geymslupakki
Dráttarbeisli niðurfellanlegt
Leðurklætt aðgerðastýri 3-spoke
Fjarlægðaraskynjarar að framan og aftan
Hraðastillir
Audi Sound System

Listaverð ~~9.020.000~~ kr.

**Tilboðsverð 7.310.000 kr.**

### Audi Q5 Quattro S line Sport 2.0 190 hö

Audi Connect með innbyggðu SIM korti
MMI Navigation Plus
Audi stafrænt mælaborð
Svört þakklæðning
19“ álfelgur
Þakvindskeið
LED aðalljós
Lyklalaust aðgengi með snertilausri opnun á skotti
Leður / Alcantara sætisáklæði
Bílhitari með fjarstýringu
Dráttarbeisli niðurfellanlegt
Flatbotna leðurklætt þriggja arma aðgerðastýri
Geymslupakki
Uppblásanlegt varadekk
Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
Hraðastillir
Audi Sound System

Listaverð ~~9.330.000~~ kr.

**Tilboðsverð 7.990.000 kr.**

5 ára ábyrgð

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

# Pútín vill sitja áfram á forsetastóli eftir kosningar í Rússlandi 2018

**RÚSSLAND** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, ætlar að sækjast eftir endurkjöri í forsetakosningum á næsta ári. Frá þessu greindi Pútín þegar hann heimsótti bifreiðaverksmiðju í Nizhny Novgorod í gær.

„Ég býð mig fram til þess að gegna embætti forseta Rússlands,“ sagði Pútín, sem hefur verið við völd frá árinu 2000, fyrst sem forseti til 2008, svo sem forsætisráðherra til 2012 áður en hann settist aftur í forsetastólinn eftir sigur í kosningum á því ári.

Búist er við því að Gennady Zyuganov verði frambjóðandi Kommúnistaflokksins, enda formaður þess flokks.

Þá verður Vladimir Zhirinovskí, formaður Frjálslyndra demókrata, frambjóðandi flokks síns.

Þótt Pútín sé leiðtogi flokksins Sameinaðs Rússlands hafa Rússar velt því fyrir sér hvort hann muni bjóða sig fram sem óháður frambjóðandi. Flokkurinn er sá langstærsti á rússneska þinginu.

Ekki liggur fyrir hver mun bjóða sig fram fyrir Réttlátt Rússland, fjórða stærsta flokk rússneska þingsins. Sergei Mironov, formaður flokksins, var frambjóðandi Réttláts Rússlands árið 2012 en árið 2008 studdi flokkurinn framboð Dmitrís Medvedev.

Stjórnarandstæðingurinn og mótmælandinn Alexei Navalny lýsti því yfir í desember 2016 að hann byði sig fram og hafa stuðningsmenn hans unnið að framboði.

Óljóst er þó hvort af framboði Navalnys verður þar sem hann var dæmdur fyrir fjárdrátt fyrr á árinu. Navalny hefur sagt dóminn vera pólitískan.

Kannanir benda til þess að helmingur til tveir þriðju Rússa ætli að kjósa Pútín á ný. **– þea**

> **Ég býð mig fram til þess að gegna embætti forseta Rússlands.**
>
> Vladimír Pútín, forseti Rússlands



## Fagna lækkun tolla á fiski

**KÍNA** Sjávarútvegsráðherra Noregs, Per Sandberg, fagnar því að Kínverjar hafa lækkað tolla á fiski. Tollar á frystum atlantshafslaxi voru lækkaðir úr 10 prósentum í fimm prósent 1. desember. Sama gildir um frysta loðnu og krabba. Tollar á ferskum krabba lækka um helming.

Tollar á rækjum og humri voru lækkaðir enn meira. Sandberg segir í viðtali við viðskiptavefinn e24.no að báðar þjóðir hafi lengi unnið að þessum málum.

Norðmenn fluttu út 774 tonn af laxi til Kína í nóvember síðastliðnum sem er nær 500 tonnum meira en í september og október. Búist er við enn meiri útflutningi vegna tollalækkunarinnar. **– ibs**

> **Búist er við mikilli aukningu í útflutningi á laxi frá Noregi til Kína eftir að tollar þar voru lækkaðir úr 5 prósentum í 10 prósent.**






# Bíður spenntur við símtækið

**Hreinn Haraldsson vegamálastjóri hefur ekki fundað með nýjum ráðherra en ný ríkisstjórn boðar uppbyggingu í samgöngum. Umferðaræðar umhverfis höfuðborgarsvæðið eru á meðal brýnustu verkefna.**



Sigurður Ingi Jóhannsson tekur við lyklunum að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SAMGÖNGUR** „Við eigum von á einhverri viðbót enda var fjárlagafrumvarpið sem lagt var fram í haust dapurt,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Ný ríkisstjórn tók við völdum fyrir viku. Boðað hefur verið að ráðast eigi í umfangsmikla uppbyggingu innviða og nýta til þess meðal annars fjármagn úr bönkunum. Samgöngu-, mennta- og heilbrigðismál eru þeir þrír þættir innviða sem forsvarsmenn nýrrar ríkisstjórnar hafa oftast nefnt í samhengi við uppbygginguna.

Hreinn hefur ekki verið boðaður til fundar við nýjan ráðherra samgöngumála, Sigurð Inga Jóhannsson, en gera má ráð fyrir að fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar verði lagt fram á fimmtudaginn í næstu viku, þegar nýtt þing verður sett. Skammur tími er því til stefnu.

Spurður hvar mestrar uppbyggingar sé þörf segir Hreinn að fyrst og fremst beri hann væntingar til þess að ríkisstjórnin fjármagni þá samgönguáætlun sem síðasta ríkisstjórn vanrækti að tryggja fjármagn fyrir um síðustu áramót. Níu milljarða hafi vantað. „Stóru verkefnin eru stóru vegirnir í kring um höfuðborgarsvæðið; Reykjanesbraut, Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur. Þar þarf að aðskilja akstursstefnur og bæta við akreinum,“ segir hann.

Hreinn segir að Alþingi sjálft ákveði í hvaða röð verði farið í þessar framkvæmdir og hvernig fjármagn til Vegagerðarinnar skiptist. Framlögin skiptist á milli nýframkvæmda, þar sem hæstu upphæðirnar séu undir, viðhaldsverkefna og þjónustu. Hreinn segir að sú fjárveiting sem Vegagerðin fékk til viðhaldsverkefna á þessu ári hafi nýst afar vel en þar þurfi áfram að vinna að uppsafnaðan vanda.

Útlit er fyrir að umferðin um hringveginn aukist um meira en tíu prósent á þessu ári, frá því síðasta. Hreinn segir að víða í vegakerfinu sé þörf fyrir aukna vetrarþjónustu, auk þess sem malarvegir, sem vanræktir hafi verið um árabil, þurfi á viðhaldi að halda. Það séu vegir sem ferðamenn noti mikið. „Menn kalla eftir meiri þjónustu vegna slysa og fjölgunar ferðamanna. Við viljum gera meira þar,“ segir Hreinn.

Spurður hvaða aðrar framkvæmdir hann telji brýnar nefnir Hreinn Suðurlandsveg milli Hveragerðis og Selfoss, veginn um Gufudalssveit, Dynjandisheiði, Borgarfjarðarveg og Dettifossveg, þar sem einn og hálfan milljarð vantar upp á. Fleiri framkvæmdir séu brýnar.

„Þetta eru allt verkefni sem voru komin á áætlun og hafa ekki fengið fjármögnun í ár. Ég vonast til að menn komi þessu af stað.“

Hreinn væntir þess að funda með Sigurði Inga á næstu dögum.

„Það er greinilegt að einhverju á að bæta við. Ég bíð spenntur við símann,“ segir hann léttur í bragði en bætir þó við að Alþingi hafi endanlegt ákvörðunarvald í þessum efnum. „Við fögnum öllum viðbótarfjárveitingum.“ **baldurg@frettabladid.is**

> **Stóru verkefnin eru stóru vegirnir í kring um höfuðborgarsvæðið; Reykjanesbraut, Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur. Þar þarf að aðskilja akstursstefnur og bæta við akreinum.**
>
> Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri







Aðventukvöld!
30% afsláttur af gjafavöru og húsgögnum í dag!
Opið til kl. 21. Léttar vínveitingar milli kl. 18 og 21 í boði Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson
Luktir Day Home,
frá kr. 9.800,-, nú frá kr. 6.860,-
HK living ilmkerti
kr. 4.600-, nú kr. 3.220,-
Hübsch kertastjaki
kr. 6.800,-
LSA kökudiskur,
kr. 8.600,-, nú kr. 6.020,-
NexTime klukka
verð kr. 15.900,-, nú kr. 11.130,-
TL stóll geitaleður
verð kr. 29.800,-, nú kr. 20.860,-
Camerich Crescent tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 498.000,-. nú kr. 348.600,-
Mikið úrval af púðum, verð frá kr. 7.200,-, nú frá kr. 5.040,-
idp Sphera sófasett
Verð 3+1+1 kr. 796.000,- nú kr. 557.200-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
KAK 5331 tungusófi í leðri m/hvíldarsæti
Stærð: 282 x 80 x 169 cm. Litir; dökkgrár, brúnn og svartur
Verð kr. 398.000,-, nú kr. 278.600,-
Camerich Crescent sófasett 3+1+1
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll 80x80 cm
Verð í áklæði frá kr. 662.000,-, nú frá 463.400,-.
HTL sófi í leðri m/2 hvíldarsætum
Stærð; 220 x 98 cm. Litir; grár, brúnn og svartur. Verð; kr. 368.000,-, nú kr. 257.600,-
Teppi Elvang,
kr. 15.900,-, nú frá kr. 11.130,-
LSA gjafaaskja (kanna og 4 glös)
kr. 16.600,-, nú kr. 11.620,-
LSA karafla
kr. 6.500,-, nú kr. 4.550,-
LSA blómavasi
verð kr. 4.900,-, nú kr. 3.430,-
PB Home borðlampi 53 cm
kr. 31.800,-, nú kr. 22.260,-
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# Ástand heimsins



1




2



3

1 Bráðum koma jólin og er fólk um allan heim farið að skreyta allhressilega. Í Banciao á norðurhluta Taívans hafa þessi göng verið skreytt með bláum ljósum og þykja hin fegurstu.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2 Sambandssinnar í Katalóníu nýttu stjórnarskrárdaginn til þess að mótmæla aðskilnaði héraðsins frá Spáni. Í gær voru 39 ár liðin frá því Spánverjar samþykktu nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3 Skógareldar geisa enn í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Slökkvistarf hefur gengið illa vegna vinda. Þessi maður barðist við elda nærri heimilum í Shadow Hills-hverfi Los Angeles.
NORDICPHOTOS/AFP

4 Jemenskir drengir gægjast inn í rústir bíls sem eyðilagðist í átökum Húta og stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar.
NORDICPHOTOS/AFP

5 Stríði Rodrigo Duterte, forseta Filippseyja, gegn eiturlyfjum var mótmælt fyrir utan höfuðstöðvar hersins í höfuðborginni Manila í gær. Mikill fjöldi hefur verið tekinn af lífi án dóms og laga í stríðinu.
NORDICPHOTOS/AFP



4




5

CITROËN

# CITROËN **BERLINGO**




## FJÖLHÆFUR SENDIBÍLL

## Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI!

**1.887.000 kr.** án VSK.

**200.000 kr.** AFSLÁTTUR
Vetrardekk + sumardekk fylgja!

### 3JA MANNA VERK?



Berlingo er sparneytinn sendibíll með þremur framsætum

### STUNDUM SKIPTIR LENGDIN MÁLI



Í Berlingo er topplúga og fellanleg öryggisgrind sem kemur sér afar vel þegar flytja á lengri hluti

### VANTAR ÞIG AÐ BÆTA Á ÞIG KÍLÓUM?



Berlingo er fjölnota sendibíll með ríflegu hleðslurými og 850 kg burðargetu

### MEIRA PLÁSS FYRIR ALLSKONAR



Berlingo er fjölnota sendibíll með stóru 3,3 rúmmetra, hleðslurými

## KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN BERLINGO Í DAG!

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# TAMPA
u-sófi




Slitsterkt áklæði.
Dökk- og ljósgrár.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **151.920 kr.**



20% AFSLÁTTUR

# VEGGHILLUR
skemmtilegar hillur úr viði og svörtu eða ljósu leðri.



**STÆRÐ:**
60x20 / 90x20 cm **Verð frá:**

**8.900 kr.**

# BORÐLAMPAR




**Verð frá:**

**4.990 kr.**

# FALLEG JÓLAVARA



**1.290 kr.**



**Verð frá:**

**390 kr.**

# PÚÐAR
margir litir, fjölbreytt úrval



**Verð frá:**

**1.990 kr.**

# KERTASTJAKAR
margir litir – þrjár stærðir



**Verð frá:**

**590 kr.**

# RANDERS
hægindastóll með skemli

20% AFSLÁTTUR



Stillanlegur hægindastóll.
Rautt, ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 59.900 kr.**

Aðeins **47.920 kr.**

# NATURE'S LUXURY
heilsurúm með Classic botni

25% AFSLÁTTUR
af Nature's Luxury á meðan birgðir endast.

| Stærð í cm | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 120 x 200 | 119.900 kr. | **89.925 kr.** |
| 140 x 200 | 129.900 kr. | **97.425 kr.** |
| 160 x 200 | 149.900 kr. | **112.425 kr.** |
| 180 x 200 | 169.900 kr. | **127.425 kr.** |
| 180 x 210 | 194.900 kr. | **146.175 kr.** |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²



JÓLA-TILBOÐ

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.
Aukahlutir á mynd: Höfuðgafl, koddar, púði og teppi.

Nature's Bedding

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Notalegar og hlýjar jólagjafir

## Komdu í Dorma



## DÚNSÆNGUR

**Mikið úrval**

Einbreiðar, tvíbreiðar og barnasængur.

JÓLA-TILBOÐ

**DORMA DELUX DÚNSÆNG**

Sérlega hlý og mjúk

600 gr. dúnsæng, 140x200 cm
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

**Fullt verð: 23.900 kr.**

25% AFSLÁTTUR af DORMA LUXE

QUILTS OF DENMARK

Nú aðeins **17.925 kr.**

## SHAPE CLASSIC

heilsukoddi



Classic koddinn veitir einstakan stuðning og hentar öllum svefnstellingum.

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

**Fullt verð: 5.900 kr.**

Aðeins **3.900 kr.**

## HINIR MARGRÓMUÐU

Memory Foam heilsuinniskór

Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótasvæðið.



| 1 par | 2 pör | 3 pör |
|---|---|---|
| **3.900 KR.** | **6.900 KR.** | **9.900 KR.** |
| | 3.450 parið | 3.300 parið |

SCANDINAVIAN BEDDING

ÓTRÚLEGT jólatilboð
**Dúnsæng + dúnkoddi**

## TVENNUTILBOÐ

Dúnsæng og dúnkoddi

Sæng 140 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 9.900 kr
Koddi 50x70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 4.900 kr.

**Fullt verð samtals: 14.800 kr.**



Aðeins **9.900 kr.**

# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Borgin helga friði að fótakefli í áratugi

**Bandaríkin ætla að viðurkenna sameinaða Jerúsalem sem höfuðborg Ísraelsríkis. Palestínumenn gera tilkall til austurhlutans. Lengi verið deilt um framtíðarstöðu borgarinnar.**



**„Jerúsalem er höfuðborg Palestínu," sagði á borða þessara Palestínumanna sem mótmæltu áformum Bandaríkjaforseta í gær. Þeir brenndu jafnframt ísraelska fánann og mynd af Trump forseta.** NORDICPHOTOS/AFP

**ÍSRAEL** Bandaríkjamenn ætla að færa sendiráð sitt í Ísrael frá Tel Avív til Jerúsalem. Í flutningunum er fólgin viðurkenning á því að hin sögufræga borg sé höfuðborg Ísraelsríkis. Um þetta tilkynnti Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, í gær.

Með þessu skrefi yrðu Bandaríkin eina ríkið með sendiráð í Jerúsalem. Eins og stendur eru hins vegar 86 sendiráð í Tel Avív.

Leiðtogar múslimaríkja og Vesturlanda vöruðu í gær við skrefinu. Sagði Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, til dæmis að hann hefði áhyggjur af ákvörðun Trumps.

Það er ekki að ástæðulausu sem Jerúsalem er almennt ekki viðurkennd sem höfuðborg Ísraelsríkis. Borgin, sem hefur að geyma nokkra af helgustu stöðum kristni, íslams og gyðingdóms, hefur verið ásteytingarsteinn í átökum Ísraela og Palestínumanna í áratugi.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar samþykktu árið 1947 að skipta landsvæðinu á milli Araba og Ísraela var fyrirhugað að Jerúsalem yrði utan þess samkomulags. Hún yrði alþjóðleg borg. Þegar átökunum sem fylgdu í kjölfarið lauk árið 1949 voru Ísraelar hins vegar búnir að taka vesturhluta borgarinnar og Jórdanir stýrðu austurhlutanum.

Þannig var staðan í átján ár allt þar til Ísraelar tóku Austur-Jerúsalem í sex daga stríðinu árið 1967. Allar götur síðan hafa Ísraelar stýrt borginni í heild þótt Palestínumenn sjálfir, sem og stærstur hluti alþjóðasamfélagsins, líti á Austur-Jerúsalem sem höfuðborg Palestínu.

Ýmislegt hefur þó gerst undanfarin fimmtíu ár þótt Ísraelar hafi ekki misst tökin á Jerúsalem. Árið 1980 samþykkti ísraelska þingið frumvarp um að Jerúsalem yrði formlega höfuðborg ríkisins. Í kjölfarið færðu þau fáu ríki sem þar höfðu sendiráð aðstöðu sína til Tel Avív í mótmælaskyni. Kostaríka og El Salvador voru síðustu ríkin til þess árið 2006

Með gerð Óslóarsáttmálans árið 1993 var samþykkt að lokaniðurstaðan um hvernig skipta skyldi Jerúsalem, eða ekki, yrði rædd í framtíðinni. Með því að viðurkenna nú alla Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels þykir Trump Bandaríkjaforseti því vera að slá vopnin úr höndum Palestínumanna og gæti þessi ákvörðun sett strik í reikninginn þegar kemur að hinni svokölluðu tveggja ríkja lausn.

Sú lausn gengur út á að báðar þjóðir fái sjálfstætt ríki og viðurkenni tilvist hvort annars. Nákvæmlega hvar þau landamæri muni liggja er deiluefni. Manuel Hassassian, ræðismaður Palestínumanna á Bretlandi, sagði við BBC að ákvörðun Bandaríkjaforseta væri dauðadómur yfir tveggja ríkja lausninni.

Trump forseti lofaði í kosningabaráttu sinni að færa sendiráðið til Jerúsalem og segir ríkisstjórnin að með þessu skrefi sé einfaldlega verið að horfast í augu við raunveruleikann. Ákvörðunin muni á engan hátt skipta sköpum fyrir friðarviðræður.

En Trump er langt frá því að vera fyrsti Bandaríkjamaðurinn sem vill flytja sendiráðið til Jerúsalem. Árið 1995 samþykkti fulltrúadeild Bandaríkjaþings frumvarp sem skuldbatt Bandaríkin til þess að flytja sendiráðið. Það var hins vegar aldrei gert og beittu þeir forsetar sem verið hafa við völd síðan, Bill Clinton, George W. Bush og Barack Obama, valdi sínu á hálfs árs fresti til þess að koma í veg fyrir flutningana. **thorgnyr@frettabladid.is**


Aðeins viðurkenndir varahlutir



15%

Afsláttur af rúðuþurrkum til jóla og frí ásetning.

Brakandi þurrkur?

Aðeins þær bestu eru nógu góðar fyrir bílinn þinn

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

HEKLA / LAUGAVEGUR 170-174 / HEKLA.IS HEKLA


EINSTÖK
KAFFIUPPLIFUN
Við tökum vel á móti þér í fyrstu verslun okkar
á Íslandi. Við erum á 2. hæð í Kringlunni
OPNUNARTILBOÐ ALLA HELGINA
Skráðu þig í Nespresso klúbbinn:
www.nespresso.is
NESPRESSO®
What else?

# Sala og afkoma IKEA aldrei verið betri

**Velta IKEA á Íslandi nam um tíu og hálfum milljarði á síðasta rekstrarári fyrirtækisins. Rekstrarhagnaður upp á rúmar 1.200 milljónir króna sem er aukning um 24 prósent. Hafa aldrei selt meira af veitingum en í síðustu viku en salan ekki aukist í takt við markmið.**

Vörusala IKEA á Íslandi á síðasta rekstrarári nam um tíu og hálfum milljarði króna og jókst um átján prósent milli ára. Um besta ár í sögu fyrirtækisins er að ræða enda hefur rekstrarhagnaðurinn fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) aldrei verið hærri.

„Þetta er í höndum endurskoðenda sem fara nú yfir ársreikninginn en afkoman er rúmlega 1.200 milljónir í rekstrarhagnað,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, en síðasta rekstrarár fyrirtækisins náði yfir tímabilið september 2016 til ágúst 2017.

Fréttablaðið greindi í júní síðastliðnum frá því að hagnaður verslunarinnar hefði farið úr 235 milljónum árið 2012 í 758 milljónir yfir tímabilið september 2015 til ágúst 2016. Útlit er fyrir að afkoman á síðasta rekstrarári hafi verið enn betri en rekstrarhagnaðurinn jókst þá um 24 prósent milli ára. Þórarinn sagði í fréttinni að hagnaðurinn árið þar á undan hefði verið „fullmikill“ og að unnið hefði verið markvisst að því að „vinda ofan af“ stöðunni með lækkun vöruverðs. Þar sagði einnig að framlegð af vörusölu hefði aukist um 85 prósent á sex árum.



IKEA á Íslandi seldi veitingar fyrir um 1,5 milljarð á síðasta rekstrári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Framlegðin sem hlutfall af veltu hefur snarlækkað hjá okkur enda lækkuðum við verð þrisvar sinnum á rekstrarárinu og byrjuðum í nóvember í fyrra til að bregðast við þessari miklu styrkingu krónunnar. Aftur á móti hefur þetta skilað sér í gríðarlegri magnaukningu sem gerir það að verkum að hagnaðurinn er eins og hann er. Við jukum magnið hjá okkur um yfir 40 prósent og þessi rekstur á að ganga út á að við seljum mikið magn með lágmarksálagningu,“ segir Þórarinn.

Framkvæmdastjórinn opinberaði fyrir tveimur árum markmið sitt um að veitingastaður IKEA myndi velta tveimur milljörðum króna árið 2020. Að hans sögn nam veitingasalan á síðasta rekstrarári um einum og hálfum milljarði og hefur vöxturinn verið minni en gert var ráð fyrir.

„Það sem hefur breyst og ég sá ekki fyrir er að við höfum ekki þurft að hækka verð sem leiðir til þess að þá er erfiðara að ná veltunni upp. Við höfum lækkað ef eitthvað er og sömdum við Vífilfell á tímabilinu sem bauð okkur gos á það lágu verði að við hættum með gos úr dælum. Þegar maður er að selja nokkuð hundruð þúsund gosflöskur á ári og það er 50 krónum ódýrara þá telur það. Við erum aftur á móti að selja fleiri matar- og drykkjareiningar, fyrir færri krónur,



**Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA**

og veltan því afleiðing af því sem er að gerast,“ segir Þórarinn.

„Síðasta vika var sú besta í sögu veitingastaðarins og þá seldum við fyrir 40 milljónir króna fyrir utan virðisaukaskatt. Bæði laugardagur og sunnudagur fóru yfir átta milljónir og það þarf ansi mikið að gerast svo það gangi eftir. Það telur með að við erum að selja mandarínur og fleiri vörur sem teljast til veitingarekstrarins.“

Aðspurður um reynsluna af komu Costco í Kauptún í Garðabæ svarar Þórarinn að áhrifin af aukinni umferð um svæðið séu frekar neikvæð en jákvæð.

„Ég veit að það er fullt af fólki sem snýr við á hringtorginu því svæðið er jafnvel orðið pínu yfirþyrmandi. Við höfum í mörg ár verið í þeirri lúxusstöðu að vera ein hérna, sem var bæði gott og slæmt, en það þýddi að aðkoman til og frá var þægileg og nóg af bílastæðum. Svo er margt gott við að fá Costco hingað því við fáum fleiri inn yfir rólegu dagana.“

**haraldur@frettabladid.is**




CHRONOGRAPH
HEUER
Gulf
#DontCrackUnderPressure
TAG HEUER
TAGHeuer
SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860
MONACO CALIBRE 12
Steve McQueen's legacy is timeless. More than an actor, more than a pilot, he became a legend. Like TAG Heuer, he defined himself beyond standards and never cracked under pressure.
MONACO
AUTOMATIC
CHRONOGRAPH
CALIBRE 12
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 & Kringlunni - 511 1900 - www.michelsen.is




**Myrkrið veit**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Æskubrek á atómöld**

verð nú **4.499** kr
verð áður 6.999 kr




**Norrænar goðsagnir**

verð nú **4.199** kr
verð áður 5.999 kr




**Gulur rauður grænn og salt**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.599 kr




**Sakramentið**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Mistur**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Gatið**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Með lífið að veði**

verð nú **2.699** kr
verð áður 3.999 kr




**Þúsund kossar**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Brotamynd**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Bjór & vín 2 í pakka**

verð nú **3.699** kr
verð áður 4.999 kr




**Útkall - Reiðarslag í Eyjum**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.899 kr




**Smartís**

verð nú **4.399** kr
verð áður 6.299 kr




**Búrið**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Ekki vera sár**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**Er ekki allt í lagi með þig?**

verð nú **3.499** kr
verð áður 4.899 kr

Allir titlar fást í Skeifu, Smáralind, Kringlunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum

Gildir 7. - 10. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

– JÓLABÆKUR Í MIKLU ÚRVALI –

# Meira að lesa




Geimverur

verð nú **4.199** kr
verð áður 5.999 kr




Kortlagning Íslands

verð nú **6.599** kr
verð áður 8.899 kr

**Gunni Helga og Birgitta árita í Kringlu á laugardag kl. 15.00**




Amma best

verð nú **3.499** kr
verð áður 4.899 kr




Leyndarmál Lindu

verð nú **2.999** kr
verð áður 4.699 kr




Þitt eigið ævintýri

verð nú **3.499** kr
verð áður 4.899 kr




Elín - ýmislegt

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.499 kr

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

# Gefum þeim efnin



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Skaðaminnkandi verkefni hafa löngu sannað gildi sitt. Með skaðaminnkun er átt við aðgerðir til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu án þess að hafa það að markmiði að draga úr eða binda enda á neysluna sjálfa.

Með því að útvega þeim sem sprauta sig aðgang að hreinum nálum, sprautum, verjum og öðrum hreinlætisvörum er dregið úr HIV og lifrarbólgusmiti. Þeim jaðarsettu einstaklingum sem sprauta sig með fíkniefnum í æð er veitt lágmarksþjónusta svo þeir geti neytt fíkniefna á öruggari hátt og varið sjálfa sig og aðra.

Frú Ragnheiður er skaðaminnkandi verkefni á vegum Rauða krossins í Reykjavík. Árangurinn af starfi Frú Ragnheiðar verður aldrei metinn til fjár og ljóst er að án þessa verkefnis væru skjólstæðingar verkefnisins í reynd nær umkomulausir í íslensku heilbrigðiskerfi. Mikil þörf er fyrir þessa þjónustu því það eru um 500-550 virkir fíkniefnaneytendur sem sprauta vímuefnum í æð samkvæmt tölum SÁÁ. Langflestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu.

Í fíkniefnaskýrslu Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2017 kemur fram að á heimsvísu megi rekja 190 þúsund ótímabær dauðsföll til fíkniefnaneyslu á ári hverju. Flest þeirra vegna notkunar á ópíóðum. Í fyrra létust 25 einstaklingar hér á landi úr eitrun vegna notkunar lyfja eða fíkniefna. Þar af voru 17 dauðsföll vegna ópíóða og hafa þau aldrei verið fleiri.

Það er orðið löngu tímabært fyrir Íslendinga að taka næsta skref þegar skaðaminnkandi verkefni eru annars vegar. Ofskömmtun er mikið vandamál hjá þeim sem hafa ánetjast ópíóðum og sérstaklega hjá þeim sem nota þá í æð. Lyfið naloxone er algjörlega skaðlaust en hefur þá virkni að það kemur í veg fyrir að fólk deyi úr ofskömmtun á ópíóðum. Sjúkrabílar og spítalar hér heima eru búnir þessu lyfi. Rauði krossinn vill að naloxone verði aðgengilegt hjá Frú Ragnheiði og dreift til skjólstæðinga samhliða fræðslu um endurlífgun en það hefur ekki gengið eftir því naloxone er lyfseðilsskylt lyf. Annað mikilvægt úrræði eru svokölluð neyslurými þar sem fólk getur sprautað sig í öruggu og hreinu umhverfi. Á síðasta ári voru 74 slík rými í evrópskum borgum og hafa þau skilað mjög góðum árangri. Enginn hefur til dæmis látist úr ofskömmtun í þessum rýmum. Hvers vegna hafa slík rými ekki verið sett upp í Reykjavík?

Aðgengi að naloxone og opnun neyslurýma eru mikilvæg úrræði en við þurfum að ganga lengra. Þeir sem nota vímuefni í æð eru jaðarsettir einstaklingar sem heyja stöðuga lífsbaráttu. Hver dagur er stríð til að nálgast næsta skammt. Einfaldast væri ef stjórnvöld myndu tryggja þeim sem lengst eru leiddir í fíkn þau efni sem þeir þurfa en ekki bara hreinar nálar og sprautur. Þessir einstaklingar gætu þá nálgast lyfin í heilbrigðisúrræði sem ynnu eftir hugmyndafræði skaðaminnkunar. Þetta myndi aftengja í einu vetfangi svartan markað fyrir metýlfenídat lyf og ópíóða, fækka fíkniefnatengdum afbrotum, fækka ofbeldismálum og minnka neyð þess hóps sem sprautar fíkniefnum í æð.

**Einfaldast væri ef stjórnvöld myndu tryggja þeim sem lengst eru leiddir í fíkn þau efni sem þeir þurfa en ekki bara hreinar nálar og sprautur.**





**Leifur Örn Svavarsson** fjallar um mat á snjóflóðahættu og viðbrögð ef snjóflóð fellur. Ætlað fjallaskíðafólki og þeim sem ferðast um fjalllendi að vetri.

Í lok fyrirlestrarins verður sagt frá fjalla- og gönguskíðagengjum Íslenskra Fjallaleiðsögumanna.

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Íslensku ALPARNIR HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

**Fyrirlesturinn er ókeypis og öllum opinn**


## Halldór




## Frá degi til dags

**Jóhanna áberandi**

**Þótt fjögur ár séu liðin frá því að Jóhanna Sigurðardóttir hætti í stjórnmálum er forsætisráðherrann fyrrverandi nokkuð áberandi í umræðunni þessa dagana. Er það einkum vegna útgáfu bókar með endurminningum hennar og sjónvarpsþátta sem sýndir voru á Ríkissjónvarpinu. Ögmundur Jónasson, sem var ráðherra í ríkisstjórn Jóhönnu, er ekki að fela að hann gefur lítið fyrir bókina sem sagnfræðiheimild. „Jóhanna Sigurðardóttir leggur greinilega meira upp úr því að í bókinni verði líf hennar málað eigin draumalitum og þá minna gefið fyrir nákvæmni um staðreyndir eða hvort slettist úr pensli á þá sem komu að verkum með henni.“**

**Engin svör leyfð**

**Í bókinni er það fyrst og fremst Jóhanna sem er til frásagnar um þá atburðarás sem varð á hennar stjórnmálaferli. Hið sama má segja um sjónvarpsþættina sem Ríkisútvarpið sýndi á dögunum um pólitískan feril hennar þar sem Jóhanna gagnrýnir ítrekað Árna Pál Árnason, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og fleiri. Er það umhugsunarefni að stjórnendur ríkisfjölmiðils skuli umhugsunarlaust kaupa og sýna sjónvarpsþátt þar sem einn stjórnmálamaður gagnrýnir aðra hispurslaust án þess að gefa þeim sem mestu gagnrýninni sættu færi á að svara fyrir sig. jonhakon@frettabladid.is**

# Þarna fór Isavia yfir strikið



Kári Jónasson
leiðsögumaður og fyrrverandi fréttamaður

Eiginlega er ríkisfyrirtækið Isavia ríki í ríkinu og lifir sjálfstæðu lífi utan allra siðferðilegra marka að manni finnst. Síðasta útspil fyrirtækisins sem hljóðar upp á að taka tæplega 20 þúsund krónur fyrir að leyfa rútu að hafa viðdvöl við flugstöðina í kannski eina klukkustund, eða lengur eða skemur.

Það er eitt að taka sanngjarnt gjald fyrir bílastæði eins og ég hef reyndar alloft bent á í opinberri umræðu, eða að skella þessu gjaldi á svo til fyrirvaralaust. Það er eins og menn skilji aldrei að gjöld og álögur á ferðaþjónustuna verður að tilkynna með minnst eins til eins og hálfs árs fyrirvara – þetta er ekki bara eins og þegar kaupmaðurinn hækkar verðið á kjötfarsinu eftir helgi og enginn tekur eftir því. Í ferðaþjónustunni gilda allt önnur lögmál, eins og forráðamenn Isavia ættu að vita. Þetta rútubílastæðagjald virðist vera lagt á til að standa undir einhverri annarri starfsemi við flugstöðina en bílastæðum fyrir rútur. Þá er það spurning hvers vegna rútufyrirtækin og þar með rútufarþegar eigi að standa undir annarri starfsemi á staðnum.

Stjórnendur fyrirtækisins segjast vera í samkeppni við aðra flugvelli, en það er svolítið skondið að það sé mun ódýrara að hafa stóra þotu á flugvélastæðinu í sex tíma en nokkrar rútur í skamman tíma á rútustæðinu. Þetta sýnir kannski fáránleikann í málinu. Sum stóru rútufyrirtækin hafa sagt að þau verði að greiða hátt í hálfa milljón á dag fyrir að sækja farþega á völlinn. Lítið fyrirtæki sem ég vinn svolítið fyrir sýnist mér að þurfi að greiða næstum fjórar milljónir næsta sumar.

Isavia, skilst mér, heyrir undir tvo ráðherra; þ.e. fjármálaráðherra sem fer með hlutaféð og svo samgönguráðherra. Líklega kemur ferðamálaráðherrann þarna líka við sögu beint eða óbeint. Þessir þrír ráðherrar hljóta að láta til sín taka varðandi þetta mál – annað er óhugsandi.

Að lokum: Það er sjálfsagt að greiða fyrir bílastæðin, en ekki þessa ótrúlegu upphæð.

**Það er sjálfsagt að greiða fyrir bílastæðin, en ekki þessa ótrúlegu upphæð.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samstæð sakamál III

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Ísland stendur við vatnaskil. Fólkið í landinu á það á hættu að í augum umheimsins festist orðið „mafíuríki“ við Ísland svo sem orðið er nú notað í umræðum t.d. um Rússland, Ungverjaland og Úkraínu. Hættan stafar af því að lögbrot eru hér og hafa lengi verið látin viðgangast í stórum stíl eins og ég hef lýst hér á þessum stað tvo síðustu fimmtudaga. Játningar liggja fyrir í sumum málum að segja má, trúverðugir vitnisburðir í öðrum. Sökudólgar verjast með því að kenna þeim um sem segja útlendingum frá lögleysunum og spillingunni frekar en að þegja.

## Hleranir og brottkast

Ég kalla það játningu þegar höfundur Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins skrifar 1. júní 2008: „Það hafa komið fram traustar upplýsingar um tengsl sósíalista við Sovétríkin, Austur-Þýzkaland og önnur ríki í Austur-Evrópu. En það mál hefur aldrei verið hreinsað upp, hvorki að því er varðar pólitísk samskipti né fjárhagsleg samskipti. ... Úr því að Kjartan Ólafsson [fv. ritstjóri Þjóðviljans] vill fá afsökunarbeiðni vegna símahlerana eigum við þá ekki öll, stríðsmenn kalda stríðsins, að taka höndum saman og óska eftir því að öll gögn verði lögð á borðið?“ Meintar ólöglegar símahleranir hafa aldrei verið gerðar upp þrátt fyrir marga vitnisburði um þær. Menn hafa skýlt sér á bak við lögboðna þagnarskyldu þótt hún eigi aðeins við um löglegar hleranir skv. dómsúrskurði. Engum ber skylda til að þegja um ólöglegar hleranir, öðru nær.

Annað dæmi er brottkast úr fiskiskipum. Margir sjómenn hafa áratugum saman lýst fyrir mér og öðrum miklu brottkasti. Yfirvöldin hafa þrætt fyrir brottkastið og kallað það smáræði, einnig þær stofnanir ríkisins sem ber skv. lögum að fylgjast með framfylgd laga um fiskveiðistjórn, laga sem banna brottkast. Nú loksins hafa starfsmenn Fiskistofu stigið fram og lýst ástandinu hreinskilnislega fyrir fréttamanni RÚV og leyft honum að birta myndir af brottkasti. Starfsmennirnir vitna um bitlaust eftirlit og einnig um stórfelld brotamál sem hafa verið felld niður. Og þá rifjast upp mál mannsins sem fékk dóm fyrir að birta mynd af brottkasti. Eitt helzta einkenni mafíuríkja er að þar eru þeir sem segja frá brotunum teknir frekar en þeir sem fremja brotin.

## Umboðssvik

Eitt dæmi enn varðar umboðssvik. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins fékk fangelsisdóm fyrir umboðssvik, þ.e. fyrir að forða fé sínu úr banka á grundvelli innherjaupplýsinga. Eigi að síður hefur ákæruvaldið látið ýmis önnur hliðstæð mál afskiptalaus. Guðmundur Gunnarsson, rafvirki og fv. stjórnlagaráðsmaður, lýsti málinu nýlega í Stundinni: „... ríkisstjórninni og stjórn Seðlabankans var orðið ljóst að bankarnir myndu falla og ríkisstjórninni var eindregið ráðlagt að ganga í þessi mál áður en bankarnir myndu opna á mánudagsmorgun. Í gagnaleka sem birtist síðar kom hins vegar fram að áhrifamenn úr fjármála- og stjórnmálaheiminum fengu aðgerðum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans ... frestað fram á mánudagseftirmiðdag. Á mánudagsmorguninn hófust strax við opnun bankanna umfangsmiklir flutningar fjármagns út úr íslenska krónuhagkerfinu yfir á erlenda bankareikninga, eins og til dæmis var opinberað í gögnum sem sett voru í fjölmiðlabann. Þar var staðfest að þröngur hópur bjó yfir innherjaupplýsingum og náði að taka út lausafé í skiptum fyrir hlutabréf í bönkunum og koma því úr landi inn á leynireikninga á aflandseyjum. Í þetta var nýttur allur fáanlegur gjaldeyrir í landinu á mánudagsmorgun. Hlutabréf í bönkunum urðu skömmu síðar einskis virði ...“

Þarna var þverbrotin sú grundvallarregla sem gildir um viðbrögð stjórnvalda í bankakreppum að miða allar aðgerðir við að bönkum sé lokað í dagslok á föstudegi og öllu sem gera þarf sé lokið fyrir opnun banka á mánudegi. Um þessa atburðarás er ekkert að finna í skýrslu RNA þótt gögnin sem var lekið úr Glitni til Stundarinnar fyrir nokkru og lögbann var sett á hljóti að hafa verið í fórum RNA. Þarna virðast hafa verið framin alvarleg brot sem hafa verið á margra vitorði og munu fyrnast 6. október 2018 nema rannsókn hefjist fyrir þann tíma. Eitt annað helzta einkenni mafíuríkja er að þar eru þegnarnir ekki jafnir fyrir lögum.

## Vinahópur valdsins

Meðferð þessa máls hingað til er í samræmi við fyrri reynslu þar sem einn er settur inn fyrir annan, bakari er hengdur fyrir smið. Það gerðist t.d. í olíumálinu fyrir meira en hálfri öld þar sem sakir þess sökunautar sem mest átti undir sér voru látnar fyrnast. Einnig getur komið sér vel fyrir sakamenn að rannsókn misfarist eins og gerðist t.d. í málverkafölsunarmálinu sem mikilvægir stjórnmálahagsmunir voru bundnir við svo sem við er að búast í landi sem er gegnsýrt af stjórnmálum langt umfram viðtekna heilbrigðisstaðla í öðrum löndum. Enn eru í umferð um 900 fölsuð málverk til mikils skaða fyrir fórnarlömb fölsunarfaraldursins, bæði listamenn sem hafa verið eignuð undirmálsverk og eigendur listaverka sem hrundu í verði.

> **Alþingi þarf án frekari tafar að hefja rannsókn á meintum umboðssvikum í hruninu til að girða fyrir yfirvofandi fyrningu.**

Alþingi lætur sér allt þetta í léttu rúmi liggja eins og kom í ljós þegar þingið samþykkti í desember 2012 að láta fara fram rannsókn á einkavæðingu bankanna en lét síðan ekki af slíkri rannsókn verða þrátt fyrir vísbendingar um að bankarnir hafi stundað fjárböðun fyrir Rússa auk annars. Enn eitt einkenni mafíuríkja er áhugaleysi almannavaldsins á lögbrotum í vinahópi valdsins. Eitt einkenni enn er hótanir í garð blaðamanna og lögbann gegn fréttaflutningi þeirra.

Alþingi þarf án frekari tafar að hefja rannsókn á meintum umboðssvikum í hruninu til að girða fyrir yfirvofandi fyrningu.




# Nýja stjórnin hækkar lífeyri aldraðra ekkert!



**Björgvin Guðmundsson**
viðskipta-fræðingur

Ný ríkisstjórn hefur verið mynduð, ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Sáttmáli þessarar stjórnar var undirritaður 30. nóvember 2017. Nokkur eftirvænting ríkti eftir því hvernig þessi nýja stjórn yrði, til dæmis hvort Vinstri græn kæmu fram einhverjum af sínum stefnumálum og hvort lífeyrir aldraðra yrði hækkaður. Allir stjórnmálaflokkar töluðu fallega um eldri borgara í kosningabaráttunni og gáfu til kynna að þeir vildu hækka lífeyri þeirra.

Þeir, sem verst eru staddir af eldri borgurum, eru með lífeyri niðri við fátæktarmörk. Ég átti von á því, að nýja stjórnin mundi bæta hér eitthvað úr en því miður. Þegar nýi stjórnarsáttmálinn sá dagsins ljós kom fram, að nýja ríkisstjórnin ætlaði ekki að hækka lífeyri aldraðra um eina krónu.

Þegar kosningabaráttan hófst tilkynnti Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, að hann vildi, að frítekjumark vegna atvinnutekna aldraðra yrði hækkað í 100 þúsund kr. á mánuði. Þetta frítekjumark var 109 þúsund kr. á mánuði fram til síðustu áramóta en var lækkað eftir áramót.

Framsóknarflokkurinn boðaði fyrir kosningar, að flokkurinn vildi afnema frítekjumarkið, þ.e. hafa það frjálst að eldri borgarar gætu unnið án skerðinga lífeyris almannatrygginga. Vinstri græn gáfu til kynna fyrir kosningar, að þau vildu hækka lífeyri eitthvað.

En niðurstaðan í þágu eldri borgara var eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið einn í stjórn: Stefna Sjálfstæðisflokksins réð. Hvorki var tekið tillit til stefnu Framsóknar varðandi frítekjumark atvinnutekna né stefnu Vinstri grænna varðandi lífeyri lægst launuðu eldri borgara.

Í stjórnarsáttmálanum var aðeins minnst á, að frítekjumark vegna atvinnutekna ætti að vera 100 þús kr. á mánuði en ekkert rætt um hækkun lífeyris: Margir eldri borgarar munu hafa búist við því, að lífeyrir aldraðra yrði hækkaður ríflega, þegar „vinstri“ flokkurinn VG væri kominn í stjórn. En það var öðru nær. Lífeyrir var ekkert hækkaður. Sjálfstæðisflokkurinn réð ferðinni í þessum efnum eins og áður. Vinstri grænir höfðu greinilega engin áhrif á stefnuna í kjaramálum aldraðra.

**VG setti ekki nægilegt mark á sáttmálann**

Andrés Ingi Jónsson, annar tveggja þingmanna VG sem greiddu atkvæði á móti því að VG færi í opinberar viðræður við Sjálfstæðisflokk og Framsókn um stjórnarmyndun, greiddi einnig atkvæði á móti stjórnarsáttmálanum og flutti mjög athyglisverða ræðu við það tækifæri. Þar sagði hann, að hann hefði ekki treyst sér til þess að styðja stjórnarsáttmálann, þar eð VG hefði ekki getað sett nægilegt mark á sáttmálann. Sjálfstæðisflokkurinn hefði ráðið of miklu um sáttmálann. Andrés Ingi nefndi nokkur dæmi þessu til staðfestingar. Hann nefndi launa- og kjaramál, varnarmál og uppreist æru og trúnaðarbrest.

> **Aðild VG að ríkisstjórninni hefur ekki dugað til þess að lyfta lífeyri aldraðra upp. Sá lífeyrir er enn niðri við fátæktarmörk.**

Ég get bætt við dæmi um hækkun lífeyris aldraðra. Í þeim málaflokki hefur VG ekki komið neinum stefnumálum í gegn. Í stjórnarsáttmálanum er ekkert rætt um að hækka lífeyri aldraðra. Hins vegar er ákvæði í sáttmálanum um kjaramál öryrkja og óskað viðræðna við öryrkja um þau mál og að leitað verði sátta. Kjaramál öryrkja voru aldrei fullafgreidd, þegar ný lög um almannatryggingar voru afgreidd á Alþingi 2016.

Í tengslum við afgreiðslu á nýjum lögum um almannatryggingar, sem tóku gildi 1. janúar 2017, var gert ráð fyrir, að lífeyrir aldraðra mundi hækka 1. janúar 2018 til samræmis við þá hækkun, sem átti að verða á lágmarkslaunum 2018. Þessi hækkun á lífeyri verður 12.000 kr. eftir skatt hjá einhleypum eldri borgurum 1. janúar 2018 en þá hækkkar lífeyrir eftir skatt úr 230 þúsund kr. á mánuði í 242 þúsund á mánuði.

**Hundsa kröfur aldraðra um hækkun lífeyris!**

Ég var fremur svartsýnn, þegar ég ræddi um nýtt Alþingi og líkurnar á því að það mundi bæta mikið kjör eldri borgara og öryrkja. Það var ekki búið að mynda ríkisstjórn þá. En ég játa, að það hvarflaði ekki að mér, að ríkisstjórnin mundi gersamlega hundsa kröfur aldraðra um hækkun lífeyris. En það hefur nú gerst. Þótt Félag eldri borgara í Reykjavík hafi haldið stóran fund um baráttuna fyrir því að lyfta lífeyri aldraðra vel upp fyrir fátæktarmörk og stjórnmálaflokkarnir hafi sýnt skilning á því hefur ekkert gerst í því efni. Aðild VG að ríkisstjórninni hefur ekki dugað til þess að lyfta lífeyri aldraðra upp. Sá lífeyrir er enn niðri við fátæktarmörk.




# Stilling klukkunnar



**Þorsteinn Sæmundsson**
stjörnu-fræðingur

Þriðjudaginn 28. nóvember birtist ritstjórnargrein í Fréttablaðinu þar sem fjallað var um þá hugmynd að breyta stillingu klukkunnar hér á landi og seinka henni um eina klukkustund. Greinin er hófsamlega skrifuð, og getur undirritaður tekið undir flest sem þar er sagt. Eitt atriði þyrfti þó að leiðrétta. Það er fyrsta setningin, sem segir að í eina fimmtíu ár hafi Íslendingar kvartað yfir klukkunni. Þetta er misskilningur.

Þegar stillingu klukkunnar var breytt með lagasetningu árið 1968 hafði um áratuga skeið verið farin sú leið að flýta klukkunni á sumrin en seinka henni aftur á veturna. Þetta hringl með klukkuna, eins og það var kallað, hafði mörgum þótt óþægilegt, og kvartanir í lesendabréfum dagblaðanna voru árviss viðburður. Markmiðið með lagasetningunni var fyrst og fremst það að koma á föstum tíma allt árið. Eftir vandlega athugun var ákveðið að klukkur skyldu stilltar eftir flýttri klukku, miðtíma Greenwich.

Röksemdirnar sem nefndar voru í greinargerð með frumvarpinu voru í stuttu máli þessar: (1) að flýtta klukkan gilti þá þegar meira en helming ársins, (2) að sú klukka samsvaraði „heimstíma“ sem hafður væri til viðmiðunar í margs konar alþjóðlegum viðskiptum, (3) að breytingin myndi færa Ísland nær meginlandi Evrópu í tíma og (4) dagsbirtan myndi nýtast betur því að myrkurstundum á vökutíma myndi fækka. Neikvæð áhrif voru að sjálfsögðu nefnd. Þótt þess væri ekki getið í greinargerðinni, hafði takmörkuð skoðanakönnun meðal forsvarsmanna stofnana, fyrirtækja, skóla og félagasamtaka bent til þess að flestir væru hlynntari flýttri klukku.

Í meira en tuttugu ár eftir lagasetninguna heyrðust engar kvartanir frá almenningi. Það er ekki fyrr en á síðari árum að komið hafa fram raddir sem kalla á breytingu. Má þar nefna þingsályktunartillögu árið 1994, frumvarp árið 1995 (endurflutt 1998 og 2000) og þingsályktunartillögur árin 2006, 2010, 2013 og 2014. Fram til ársins 2010 gengu tillögur þingmanna í þá átt að flýta klukkunni enn frekar en nú er gert, nánar tiltekið yfir sumarið. Tillögurnar 2013 og 2014 gengu hins vegar í gagnstæða átt, þ.e. flutningsmenn vildu seinka klukkunni, a.m.k. yfir veturinn. Öllum þessum frumvörpum og tillögum eru gerð skil á vefsíðu Almanaks Háskólans:

http://www.almanak.hi.is/timreikn.html

Að tillögurnar skyldu ganga í ólíkar áttir sýnir glöggt að engin lagasetning getur sætt öll sjónarmið. Síðustu þingsályktunartillögur hnigu að því að klukkunni skyldi seinkað. Eftirfarandi umfjöllun á því erindi til almennings nú þegar hið sama er til umræðu.

http://www.almanak.hi.is/seinkun3.html

Ég vil eindregið ráðleggja þeim sem hafa áhuga á þessu máli að kynna sér vandlega ofangreind gögn. Stilling klukkunnar er mál sem snertir alla landsmenn. Breytingar geta haft margvísleg áhrif, og þau eru ekki alltaf augljós.




# Um Plastbarkamálið



**Ingólfur Bruun**
leiðsögumaður

Plastbarkamálið er athyglisvert fyrir margra hluta sakir og mörg eru fórnarlömb ítalska læknisins Paolo Macchiarini, sjúklingar, læknar og stofnanir. Að mati undirritaðs er Paolo það sem kallað er á ensku „con man“ eða það sem við getum kallað blekkingameistari, þ.e.a.s. aðili sem nær trausti samferðarfólks og nýtir sér það til blekkinga.

Tvö af fórnarlömbum Macchiarini eru Tómas Guðbjartsson læknir og Andemariam Beyene heitinn. Tómas var fórnarlamb Macchiarini sem læknir sem beittur var blekkingum til að stuðla að því að framkvæmd var aðgerð á mjög vafasömum forsendum ef grannt var skoðað. Andemariam var sjúklingur sem gaf samþykki sitt fyrir aðgerð á sjálfum sér sem var vafasöm og leiddi síðar til dauða hans.

Tómasi er nú legið á hálsi fyrir að hafa treyst ráðgjöf frá starfsfólki Karolinska sjúkrahússins en Macchiarini var starfsmaður þess. Ef Macchiarini tókst að blekkja kerfið hjá Karolinska hvernig átti þá Tómas og Andemariam að gruna að Macchiarini væri jafn óvandaður og síðar hefur komið í ljós? Það er auðvelt að setja sig í dómarasæti eftir á þegar staðreyndir máls liggja fyrir. Tvær af staðreyndum málsins eru þær að Karolinska treysti Macchiarini og Tómas treysti Karolinska. Mér hefði þótt fróðlegt að hitta lækni, áður en þetta mál kom upp, sem hefði vantreyst ráðgjöf og meðferð Karolinska.

Vegna málsins hefur Tómasi verið tímabundið vikið frá störfum. Þetta er miður. Íslenskt heilbrigðiskerfi hefur ekki efni á að setja til hliðar einn af sínum færustu læknum vegna þess að hann var blekktur til að samþykkja og taka þátt í aðgerð sem dró sjúkling að lokum til dauða. Ef um ásetning eða vítavert gáleysi hefði verið að ræða hjá Tómasi hefði tímabundin brottvikning horft öðru vísi við. Að mínu mati var hvorugu til að dreifa af hálfu hans í þessu máli. Gera á Tómasi kleift að snúa nú þegar aftur til fyrri starfa.

Í fyrri störfum mínum sem rannsóknarlögreglumaður kom ég að málum þar sem einstaklingum tókst að blekkja samferðafólk sitt á undraverðan hátt. Jafnvel grandvarasta fólk hefur látið blekkjast. Þess vegna skyldi fara varlega að setja sig í dómarasæti í málum þar sem blekkingameistarar hafa náð sínu fram því áður en við vitum af getum við öll orðið fórnarlömb slíkra.

BETRIBILAKAUP.IS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777



2017 Mitsubishi Outlander Phev

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður
4X4
Plug In-Hybrid
4 tegundir í boði!

Verð 3.960.000 kr.



2018 Volvo XC90 Hybrid T8

Hannaðu hann eins og þú vilt!
AWD
Plug In-Hybrid
Afhendingartími er 3-5 mánuðir

Verð 7.390.000 kr.



2017 Kia Optima Phev

Glæsilegur og mjög vel útbúinn
Plug In-Hybrid
Hraðastillir með aðlögun

Verð 3.790.000 kr.

Ármúla 4-6, Reykjavík | Firðinum, Hafnarfirði
511 2777 | sala@betribilakaup.is
facebook.com/betribilakaup

# Menntamálin í forgangi



**Skúli Þór Helgason**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Borgarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun komandi árs á fundi sínum á þriðjudag og endurspeglar áætlunin áframhaldandi sókn á flestum sviðum. Skóla- og frístundarsviðið hefur notið ákveðins forgangs frá því hagur borgarsjóðs tók að vænkast haustið 2016. Fjármagn til málaflokksins hækkar um rúmlega 1.000 milljónir króna á næsta ári og hefur þá hækkað um þrjá milljarða króna frá árinu 2016. Þá eru ekki taldar með samningsbundnar launahækkanir sem á árunum 2017 og 2018 nema hálfum öðrum milljarði og alls rúmlega sex milljörðum króna frá árinu 2014.

**Bætt starfsumhverfi**

Eitt mikilvægasta verkefni okkar á þessu ári hefur verið að móta tillögur um hvernig megi bæta vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva og þar með minnka álag og auka nýliðun. Mannekla síðustu missera hefur undirstrikað hve brýnt það er að gera starfsumhverfið eftirsóknarverðara og þar þarf að gera allt í senn, bæta laun, vinnuaðstæður og fjölga þeim sem leggja stund á kennaranám og skyldar greinar. Í góðu samstarfi við fulltrúa kennara, stjórnenda, foreldra og fleiri er nú verið að leggja lokahönd á tillögur til úrbóta og munu þær verða kynntar á næstunni.

**Nýtt fjármagn**

Á þessu ári hafa framlög til skóla- og frístundamála í Reykjavík hækkað um tvo milljarða króna sem kemur fram í bættri þjónustu á ýmsum sviðum. Þar kennir margra grasa, en veigamestu liðirnir eru inntaka yngri barna á leikskóla, tvöföldun framlaga til íslenskukennslu barna af erlendum uppruna, aukin framlög til sérkennslu, framlög til að bæta gæði skólamáltíða og faglegs starfs í leikskólum og grunnskólum. Í frístundastarfinu má nefna sértækt klúbbastarf í félagsmiðstöðvum, gjaldfrjálsa frístund fyrir börn af erlendum uppruna og kórastarf yngri barna í frístundastarfinu svo dæmi séu tekin.

**Áframhaldandi sókn fram undan**

Á næsta ári verður auknu fjármagni varið til leikskóla og mun það birtast með margvíslegum hætti. Leikskólar með hátt hlutfall erlendra barna fá viðbótarfjármagn, sömuleiðis leikskólar sem þurfa að samræma starfið á þremur starfsstöðvum með fjarlægð á milli. Starfsmannafundir verða tvöfalt fleiri og fjármagn aukið til starfsmanna í sértækri sérkennslu svo eitthvað sé nefnt.

Í grunnskólum hækkar framlag til almennrar kennslu, faglegs starfs og næðisstundar. Þá verður svarað kalli kennara um aukinn stuðning og úrræði til að mæta börnum með fjölþættan vanda m.a. með ráðningu hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga í alla borgarhluta, átaki í að bæta tölvubúnað kennara og nemenda og efla kennsluráðgjöf til að skólar geti í ríkari mæli hagnýtt kosti upplýsingatækni í sínu starfi. Síðast en ekki síst verða námsgögn í grunnskólum gjaldfrjáls frá og með næsta skólaári.

**Öflug skólaþróun verður vaxandi þáttur í menntastefnu borgarinnar.**

Í frístundastarfinu verður auknu fjármagni varið í félagsmiðstöðvastarf, styrki til verkefna ungmenna svo þeir geti hrint sínum hugmyndum í framkvæmd, námsleyfi starfsfólks frístundar og heilsársrekstur frístundaheimila. Þá verður áhersla lögð á að vinna að innleiðingu frístundastefnu borgarinnar sem samþykkt var í haust. Ástæða er til að vekja athygli á aukinni áherslu á listnám, verk- og tækninám sem birtist m.a. í fjölgun nemenda í skólahljómsveitum, dansverkefni í leikskólum og frístund, yngri barna kórum í frístund, vísindasmiðjum í samvinnu við Háskóla Íslands og vinnu við mótun menningar- og útinámskráa Reykjavíkurborgar.

Síðast en ekki síst verður þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs tvöfaldaður á næsta ári sem er skýr vísbending um að áhersla á öfluga skólaþróun verður ríkur og vaxandi þáttur í menntastefnu borgarinnar á komandi árum.

# Umönnun við aldraða á Akranesi til fyrirmyndar



**Kristjana Guðjónsdóttir**
sjúkraliði með sérnám í öldrunarhjúkrun

Tilefni þessa greinarstúfs er umfjöllun á opinberum vettvangi um hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða. Viðfangsefnið er kunnuglegt. Þjóðin eldist og er því vaxandi og algjörlega fyrirséð þörf á úrræðum fyrir aldraða. Sem ríkt velferðarsamfélag þurfum við sem þjóð að sinna þessum málum mun betur en gert hefur verið. Að mínu mati hefur nýleg umfjöllun hins vegar að hluta verið ósanngjörn í garð þeirra sem sinna störfum í þágu aldraðra af alúð og faglegum metnaði.

Þegar þörf á fleiri dvalar- og hjúkrunarheimilum ber á góma er því stundum slegið fram að nóg sé af slíkum heimilum og að lausnin felist í aukinni heimahjúkrun og -þjónustu. Að mínu mati er þetta þó ekki spurning um annaðhvort eða. Opinberar tölur t.d. frá Landlæknisembættinu sýna að fjöldi dvalar- og hjúkrunarrýma á landinu öllu hefur nánast staðið í stað frá árinu 2005. Rýmum á hverja 1.000 einstaklinga yfir 67 ára hefur því farið ört fækkandi. Þá er fjöldi rýma eftir landshlutum og sveitarfélögum mjög breytilegur. Á höfuðborgarsvæðinu hafa sveitarfélögin því miður staðið sig verr að þessu leyti en flest önnur, en staðan t.d. á Vesturlandi og Suðurlandi er hins vegar mun betri. Er því þörf bæði á fleiri hjúkrunar- og dvalarheimilum og auknum fjármunum til heimahjúkrunar.

Ekki er nægjanlegt að byggja fleiri heimili. Það skiptir ekki síður máli að þau séu vel rekin og að gott starfsfólk fáist til að vinna við þau oft á tíðum erfiðu og vandasömu störf sem þjónustan krefst. Er svo sannarlega þörf á viðhorfsbreytingu stjórnvalda og bættum starfskjörum þeirra sem sinna þessum störfum. Þetta er efni í aðra grein.

Alkunna er að á vettvangi heilbrigðismála er ein stærsta áskorunin að á sjúkrahúsum eru hjúkrunarrými í of ríkum mæli bundin við að sinna þörfum aldraðra sem í raun væri betur sinnt á sérhæfðum dvalar- og hjúkrunarheimilum – á fagmáli nefnt fráflæðisvandi. Er ekki um það deilt að síðarnefnda lausnin er í senn mun betri fyrir þá sem á þjónustunni þurfa að halda og langtum ódýrari.

Flestir vilja búa sem lengst á eigin heimili. En svo getur komið að því, oft með litlum fyrirvara vegna heilsubrests, að þörf verður á að leita eftir dvöl á hjúkrunarheimili.

Fyrirkomulagið í þessu efni er langt og krefst fyrirhyggju. Aldraðir þurfa nú að fara í gegnum svonefnt vistunarmat. Hér mætti stuðningur barna eða annarra nákominna ættingja aldraðra gjarna vera meiri og markvissari en oft er raunin. Því miður er því oft slegið á frest að sækja um þar til nánast er í óefni komið með heilsu eða færni hins aldraða. Þetta er því alvarlegra þegar þess er gætt að eftir að vistunarmat hefur fengist eru því miður langir biðlistar eftir rými og oftast ekkert laust á því heimili þar sem hinn aldraði kysi helst að dveljast. Endurspeglar þetta í raun þann skort sem stöðugt blasir við öldruðum um aðgang að vistun.

**Ekki er nægjanlegt að byggja fleiri heimili. Það skiptir ekki síður máli að þau séu vel rekin og að gott starfsfólk fáist til að vinna við þau oft á tíðum erfiðu og vandasömu störf sem þjónustan krefst.**

Meðal þeirra úrræða sem Landspítalinn hefur stuðst við til þess að leita lausna á fráflæðisvanda er að semja við aðrar sjúkrastofnanir um tímabundin rými fyrir aldraða. Þar á meðal hefur Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði á Akranesi ákveðið að hlaupa undir bagga og bjóða tímabundin rými á heimilinu. Ég hef nýlega kynnst framkvæmd þessa samnings af eigin raun vegna nákomins fjölskyldumeðlims sem þar dvelur. Í sem stystu máli er mat mitt það að þessi framkvæmd er Akurnesingum til mikils sóma. Sú umönnun sem viðkomandi einstaklingur hefur fengið þar er til fyrirmyndar. Starfsfólk heimilisins á þakkir skildar fyrir að hlúa afbragðsvel að heimilismönnum og umgjörð gæti vart verið betri.

Það er því ekki mikil ábyrgð gagnvart vandasömu viðfangsefni sem við blasir að tala um að þessi samningur feli í sér „hreppaflutninga“, aldraðir einstaklingar séu gegn vilja sínum sendir í útlegð í byggðarlögum þar sem þeir þekki engan og fjarri ættingjum sínum, eins og nýlega hefur verið skrifað í blöð og fluttar fréttir um bæði í blöðum og sjónvarpi. Ættingjar sem þannig tala á opinberum vettvangi og gera kröfur á hið opinbera mættu einnig huga að því hvort þeir beri ekki einnig einhverja ábyrgð á því að ævikvöld foreldra eða annarra nákominna verði með sómasamlegum hætti. Það er t.d. erfitt að skilja að það sé almennt ofviða fólki á besta aldri sem býr á höfuðborgarsvæðinu að heimsækja aldraða ættingja sína á hjúkrunarheimili, t.d. á Akranesi. Aksturstíminn er í raun oft lítið lengri en t.d. ferð á milli bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem þangað gengur strætó.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

# ÚRVALSBÆKUR Á FORLAGSVERÐI

tilnefndar til íslensku bókmenntaverðlaunanna

## FAGURBÓKMENNTIR



4.990 Kr.



3.390 Kr.



4.290 Kr.



5.490 Kr.



5.490 Kr.

## BARNA- OG UNGMENNABÆKUR



3.590 Kr.



4.190 Kr.



3.590 Kr.



3.190 Kr.



4.790 Kr.

## FRÆÐIRIT OG BÆKUR ALMENNS EFNIS



3.390 Kr.



7.590 Kr.



8.490 Kr.



6.490 Kr.



17.990 Kr.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | helgar 11–17 | **www.forlagid.is**


KRÓNAN
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
Grøn Balance
Økologi
Til dig, der passer på dig selv og dine nærmeste
Økologisk
Frugt
Jóla eplin eru komin
399 kr. pk.
Grön Balance klementínur 750 g, Spánn
Klementínur 950 g, Spánn
399 kr. pk.
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
Grøn Balance
Økologiske
Æbler
Fra danske avlere
Ódýrt
Grön Balance Gala epli, 1 kg
649 kr. pk.
Klementínur 2,3 kg, Spánn
679 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 11. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN




Ódýrt

Lindor kúlur, 200 g

**649** kr. pk.




Ódýrt

931 kr. kg

**2699** kr. pk.

Quality Street, 2,9 kg




Celebrations 380 g

**699** kr. pk.

# KRÓNAN




Gerðu þitt eigið

## Jóla HLAÐ BORÐ

## Fyrir 8 manns

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Silfur hafsins, rauðvíns- og appelsínusíld 240g<br>BB rúgbrauð, 270g | 799 kr. stk.<br>238 kr. pk. |
| 2 | Tilbúin heit purusteik<br>Kjötkompaní rauðvínssósa, 700 ml | 1999 kr. kg<br>1490 kr. stk. |
| 3 | Eðalf. Graflax í sneiðum, 200 g<br>Eðalf. Graflaxsósa , 150ml | 869 kr. pk.<br>239 kr. stk. |
| 4 | Kaldur hamborgarhryggur í sneiðum<br>Gestus kartöflusalat , 400g | 2699 kr. kg<br>499 kr. stk. |
| 5 | Kræsingar hreindýrapate<br>Kræsingar Cumberland sósa, 100g | 1299 kr.stk.<br>599 kr. stk. |
| 6 | Esju reyktar andabringur<br>Kokkarnir rauðlaukssulta, 180g | 5599 kr. kg<br>699 kr. stk. |
| 7 | VSOC Geita ostur, 270 g<br>DGF rifsberjasulta, 650g | 1099 kr. stk.<br>360 kr. stk. |
| 8 | Hangikjöt soðið, í sneiðum<br>Rauðkál | 3299 kr. kg<br>299 kr. stk. |
| 9 | Snittubrauð<br>Lúxus laufabrauð, 130g | 189 kr. stk.<br>879 kr. pk. |




=

## Allt þetta undir

# 2000*

kr. á mann

*miðað við 150 g af andabringu, 600 af hangikjöti og hamborgarhrygg og 200 g af hreindýrapaté

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 11. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Nánar á kronan.is

# KRÓNAN

Þú finnur
# Jólasteikina
hjá okkur




**3499** kr. kg

SS Taðreykt læri úrbeinað

KRÓNAN GJAFAKORTIÐ ÞITT

Krónan mælir með!



NÓATÚN

**1999** kr. kg

Nóatúns grísahambogarhryggur




Gott verð!

**2799** kr. kg

Vopnafjarðar hangilæri úrbeinað

-25%



Ungnauta steikur sérmeyrnað, Írland

**2999** kr. kg

Verð áður ~~3999~~ kr. kg

Gott verð!




**1399** kr. kg

Krónu Hamborgarhryggur

## Liverpool-liðið í miklu markastuði á Anfield í gærkvöldi




**Markaveisla og sætið tryggt** Philippe Coutinho skoraði þrennu í 7-0 sigri Liverpool á Spartak Moskvu í Meistaradeildinni í gærkvöldi en með honum tryggði Liverpool sér sigur í riðlinum og sæti í sextán liða úrslitunum. Þetta var fyrsta þrenna Coutinho fyrir Liverpool og fyrsta þrenna Liverpool-manns í Meistaradeildinni í fimmtán ár. Liverpool er eitt af fimm enskum liðum í 16 liða úrslitunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þegar besti þjálfarinn hringdi var þetta engin spurning

FH-ingurinn Gísli Þorgeir Kristjánsson gengur í raðir þýska stórliðsins Kiel næsta sumar. Hann hlakkar til að spila undir stjórn Alfreðs Gíslasonar og ætlar að nýta eina tímabilið sem hann fær undir hans stjórn sem best. Gísli vonast að sjálfsögðu til að fara á EM í Króatíu og segir að draumurinn sé að kveðja FH með titli.

**HANDBOLTI** Í gær bárust fréttir af því að FH-ingurinn Gísli Þorgeir Kristjánsson væri búinn að semja við þýska stórveldið Kiel til þriggja ára. Gísli klárar tímabilið með FH og gengur svo í raðir Kiel sem Alfreð Gíslason stýrir.

Gísli segir að Kiel hafi fyrst haft samband í sumar. Samningaferlið tafðist hins vegar þar sem leikstjórnandinn efnilegi fór úr olnbogalið á æfingu með U-21 árs landsliðinu.

„Ég fékk símtal frá Alfreð í sumar. Þetta slitnaði smá þegar ég meiddist. En síðan vann ég vel úr mínum málum, var í góðum höndum hjá góðum sjúkraþjálfara. Ég er orðinn sterkari en ég var áður en ég meiddist og betri á mörgum sviðum, mest andlega,“ sagði Gísli sem fór til Kiel ásamt föður sínum, Kristjáni Arasyni, eftir Evrópuleikinn gegn Tatran Presov í Slóvakíu um þarsíðustu helgi. Hann gekkst undir læknisskoðun hjá Kiel og skrifaði svo undir samning við félagið.

Gísli segir að önnur lið hafi haft áhuga á honum en eftir að Kiel kom inn í myndina hafi ekki verið spurning að fara þangað.

„Það komu önnur lið til greina en þegar Alfreð hringdi var þetta engin spurning,“ sagði Gísli.

Annar leikstjórnandi úr FH, sem spilaði einnig í treyju númer fjögur hjá Fimleikafélaginu, fór til Kiel fyrir átta árum, þegar hann var 19 ára eins



Gísli Þorgeir klárar tímabilið með FH og fer svo til Kiel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og Gísli verður á næsta ári. Sá heitir Aron og er Pálmarsson og varð að einum besta leikmanni heims á tíma sínum hjá Kiel. Aron gaf Kiel og Alfreð sín bestu meðmæli.

„Aron sagði að Alfreð væri sá besti. Og ég hef alltaf haldið að hann sé sá besti. Ég er fullur tilhlökkunar og get ekki beðið eftir að byrja,“ sagði Gísli sem býst við að fá nokkuð stórt hlutverk á sínu fyrsta tímabili hjá Kiel.

„Ég held að ég verði miðjumaður númer tvö á eftir [Domagoj] Duvnjak. Það er draumur að æfa og spila með þessum leikmönnum.“

Næsta tímabil verður það síðasta hjá Alfreð við stjórnvölinn hjá Kiel. Akureyringurinn hefur þjálfað liðið síðan 2008 og náð framúrskarandi árangri. Gísli segist ætla að nýta þetta eina tímabil sem hann fær með Alfreð til hins ýtrasta.

„Ég mun nýta tímann sem ég fæ með Alfreð fáránlega vel; nýta hverja einustu æfingu og hvern einasta dag til að leggja inn í reynslubankann. Svo verður það væntanlega enginn vitleysingur sem tekur við þegar Alfreð hættir,“ sagði Gísli og hló.

Hafnfirðingurinn lék sína fyrstu A-landsleiki í lok október og er einn þeirra 28 sem koma til greina í íslenska hópinn sem fer á EM í Króatíu í byrjun næsta árs. En gerir Gísli sér vonir um að vera í lokahópnum?

„Það er næsta markmið. Það yrði draumur að fara út með öllum þessum leikmönnum. Það var geðveikt að fá að æfa með leikmönnum eins og Guðjóni Val [Sigurðssyni] og öllum hinum,“ sagði Gísli og bætti við að hann hefði grætt mikið á landsliðsæfingunum í október.

Þrátt fyrir að vera kominn mjög langt miðað við aldur er Gísli meðvitaður um að hann þarf að bæta sig fyrir átökin í atvinnumennskunni.

„Ég er góður á fótunum en ég þarf að styrkja efri búkinn svo ég geti ráðið við 120 kílóa línumenn,“ sagði Gísli sem verður væntanlega látinn spila sem bakvörður í vörn Kiel.

Eins og áður sagði klárar Gísli tímabilið með FH áður en hann fer til Kiel. Hann vill að sjálfsögðu kveðja uppeldisfélagið með titli eða titlum.

„Það er minn heitasti draumur eins og er. FH hefur gert rosalega mikið fyrir mig og er mitt hjarta,“ sagði Gísli að lokum. **ingvithor@365.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**E-riðill:**
**Liverpool - Spartak M. 7-0**
1-0 Philippe Coutinho, víti (4.), 2-0 Coutinho (12.), 3-0 Roberto Firmino (19.), 4-0 Sadio Mané (47.), 5-0 Coutinho (50.), 6-0 Sadio Mané (76.), 7-0 Mohamed Salah (86.).

**Maribor - Sevilla 1-1**

***Lokastaðan:** Liverpool 12, Sevilla 9, Spartak Moskva 6, Maribor 3.*

**F-riðill:**
**Shakhtar - Man. City 2-1**
1-0 Bernard (26.), 2-0 Ismaily (32.), 2-1 Sergio Agüero, víti (90.).

**Feyenoord - Napoli 2-1**

***Lokastaðan:** Man. City 15, Shakhtar Donestk 12, Napoli 6, Feyenoord 3.*

**G-riðill:**
**RB Leipzig - Besiktas 1-2**
**Porto - Monaco 5-2**

***Lokastaðan:** Besiktas 14, Porto 10, RB Leipzig 7, Monaco 2.*

**H-riðill:**
**Tottenham - APOEL 3-0**
1-0 Fernando Llorente (20.), 2-0 Heung-min Son (38.), 3-0 Georges N'Koudou (80.).

**Real Madrid - Dortmund 3-2**
1-0 Borja Mayoral (8.), 2-0 Cristiano Ronaldo (12.), 2-1 Pierre-Emerick Aubameyang (43.), 2-2 Pierre-Emerick Aubameyang (49.), 3-2 Lucas Vázquez (81.).

***Lokastaðan:** Tottenham 16, Real Madrid 13, Dortmund 2, APOEL 2.*

*Tvö efstu liðin fara í sextán liða úrslitin en liðið í þriðja sætinu fer í Evrópudeildina.*

**Domino's-deild kvenna**

**Stjarnan - Snæfell 75-53**
**Stigahæstar**: Danielle Rodriguez 29/10 frák./9 stoð., Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15/11 frák., Bríet Sif Hinriksdóttir 13 - Kristen McCarthy 30/18 frá., Berglind Gunnarsdóttir 11.

**Skallagr. - Keflavík 73-87**
**Stigahæstar**: Carmen Tyson-Thomas 31/14 frá./6 stoðs., Jóhanna Björk Sveinsdóttir 18/10 frák./5 stoðs. - Brittanny Dinkins 22/10 frák./11 stoðs., Thelma Dís Ágústsdóttir 15/12 frák., Erna Hákonardóttir 13, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 10.

**Njarðvík - Valur 63-82**
**Stigahæstar**: Shalonda R. Winton 30/20 fráköst, Karen Dögg Vilhjálmsdóttir 9 - Guðbjörg Sverrisdóttir 22, Hallveig Jónsdóttir 19, Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Alexandra Petersen 11/9 fráköst/11 stoðsendingar.

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| Valur | 18 | Skallagrím. | 12 |
| Keflavík | 16 | Breiðablik | 12 |
| Stjarnan | 14 | Snæfell | 10 |
| Haukar | 12 | Njarðvík | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.30 | **Dubai Masters** | Golfstöðin |
| 17.45 | **Haukar - Breiðablik** | Sport |
| 17.55 | **Limassol - Everton** | Sport 2 |
| 17.55 | **Austria Vín - AEK** | Sport 3 |
| 20.00 | **Haukar - ÍR** | Sport |
| 20.00 | **Arsenal - BATE** | Sport 2 |
| 20.00 | **Red Star - Köln** | Sport 3 |

**Dominos-deild karla**
19.15 **Grindavík - Valur**
19.15 **Keflavík - Stjarnan**
19.15 **Tindastóll - Njarðvík**
19.15 **Tindastóll - Njarðvík**
19.15 **Höttur - KR**
20.15 **Haukar - ÍR**

**Dominos-deild kvenna**
18.00 **Haukar - Breiðablik**

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 7. DESEMBER 2017



**Lísa Karen Yoder hefur afgerandi og skemmtilegan fatastíl. Hún er ávallt á háum hælum og hefur gaman af því að ganga með hatta.** →6






„Eftir að búðin stækkaði um 300 fermetra, eða um helming, í júní síðastliðnum getum við boðið upp á ótrúlegt úrval af fatnaði og skóm, auk fylgihluta," segir Margrét. MYND/ANTON BRINK

# Óskalistinn hennar hjá Hrafnhildi

„Hjá Hrafnhildi býður upp á skemmtilega nýjung fyrir jólin. Konur geta komið til okkar vikurnar fyrir jól og búið til sérsniðinn óskalista," segir Margrét Káradóttir verslunarstjóri en þannig fá allir eitthvað fallegt í pakkann sinn. →2

Framhald af forsíðu ➜

Þegar líða fer á aðventuna býr oft um sig smá stress í hjörtum eiginmanna þar sem þeir keppast við að finna hina einu réttu gjöf fyrir betri helminginn, eitthvað sem hittir beint í mark,“ segir Margrét Káradóttir, verslunarstjóri hjá Hrafnhildi.

„Fátt er betra en að fá nýja fallega flík í pakkann, en það getur verið vandmeðfarið að finna eitthvað sem endurspeglar persónulegan stíl konunnar, enda er klæðaburður hvers og eins mjög persónulegur. Við hjá Hrafnhildi leggjum mikinn metnað í að allir fái eitthvað fallegt í pakkann sinn og bjóðum nú upp á þá nýjung að konur geta komið til okkar og búið til sérsniðinn óskalista. Við sjáum um að skrá stærð, vörumerki eða vörunúmer, allt eftir óskum hvers og eins,“ upplýsir Margrét brosandi.

## Herrakvöld hjá Hrafnhildi

„Miðvikudaginn 13. desember höldum við herrakvöld frá 17.00-21.00. Þá hvetjum við maka, feður, syni og bræður til að líta inn og velja jólagjafir, sniðnar fyrir konurnar í lífi þeirra. Við veitum persónulega ráðgjöf og lofum góðri jólastemningu. Svo pökkum við inn fyrir herrana á meðan þeir smakka á jólabjór,“ segir Margrét.

Þar sem sælla er að gefa en þiggja mun starfsfólk hjá Hrafnhildi draga út einn óskalista á Þorláksmessu og fær eigandinn 50 þúsund króna gjafabréf frá versluninni í jólagjöf.

## Finnum hina fullkomnu jólagjöf

„Ég mæli með að eiginmenn kanni hvort liggi fyrir óskalisti hjá okkur og ef svo er ekki, þá tökum við glaðar að okkur það verkefni að finna hina fullkomnu jólagjöf fyrir eiginkonuna. Gott er þó að vera búinn að vinna heimavinnuna með því að kíkja á eldri fatnað til að átta sig á réttri stærð,“ minnir Margrét á.

En hver er jólagjöfin í ár? „Það er svo margt fallegt til í jólapakkann hennar. Til dæmis hefur verið vinsælt hjá eiginmönnunum að lauma hlýrri dúnúlpu eða glæsilegri ullarkápu undir tréð, jafnvel vönduðum leðurskóm eða dúnmjúkri kasmírpeysu. Þá erum við með vönduð þýsk náttföt í úrvali sem hafa reynst vinsæl gjöf fyrir alla aldurshópa,“ segir Margrét glaðlega og bætir við að ef of mikið leynist á óskalistanum hennar og valið reynist ómögulegt, þá sé rétt að minna á að margir hafa notfært sér gjafakortin frá versluninni hjá Hrafnhildi en þau gilda allan ársins hring og renna ekki út.

## Vandaður fatnaður og skór

„Eftir að búðin stækkaði um 300 fermetra, eða um helming, í júní síðastliðnum getum við boðið upp á ótrúlegt úrval af fatnaði og skóm, auk fylgihluta. Því ættu konur á öllum aldri að geta fundið vandaðan og eigulegan fatnað við sitt hæfi. Þá höfum við meðal annars bætt við okkur þremur vel kunnum dönskum vörumerkjum sem hafa fengið alveg hreint frábærar undirtektir, þ.e. Mos Mosh, PBO og BITTE KAI RAND. Hægt er að skoða vöruúrvalið okkar bæði á Facebook-síðunni sem og á Instagram,“ segir Margrét að lokum.

Hlökkum til að sjá ykkur!
Hjá Hrafnhildi. Engjateigi 5, 105 Reykjavík. Sími: 581 2141.
www.facebook.com/hjahrafnhildi



Hlý dúnúlpa eða glæsileg ullarkápa, vandaðir leðurskór, náttföt eða dúnmjúk kasmírpeysa. Allt er þetta tilvalið í jólapakkann hennar og fæst hjá Hrafnhildi.



Jólakjólar í úrvali hjá Hrafnhildi.



Yfirhafnirnar hjá Hrafnhildi eru klassískar og smart um leið og þær henta vel íslensku veðurfari.



**„Hjá Hrafnhildi býður upp á skemmtilega nýjung fyrir jólin. Konur geta komið til okkar vikurnar fyrir jól og búið til sérsniðinn óskalista,“ segir Margrét Káradóttir verslunarstjóri.**



**Vönduð, þýsk náttföt sem hafa reynst vinsæl gjöf fyrir alla aldurshópa.**



„Eftir að búðin stækkaði um 300 fermetra, getum við boðið upp á ótrúlegt úrval af fatnaði og skóm, auk fylgihluta. Því ættu konur á öllum aldri að geta fundið vandaðan og eigulegan fatnað við sitt hæfi,“ segir Margrét.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


lindex.is
Brjóstahaldari
2999,–
LINDEX







Með eiginmanninum Rande Gerber og börnunum Kaiu og Presley, sem bæði hafa fetað í fótspor móður sinnar.

# Koddafarið er lengur að hverfa

Ofurfyrirsætan Cindy Crawford segist nú farin að finna fyrir tímans tönn á fagurri ásjónu sinni. Hún er enn sláandi fögur með sinn fræga fæðingarblett við vinstra munnvik.

Ég er farin að ráðleggja ljósmyndurum að taka ekki nærmyndir fyrr en eftir klukkan níu á morgnana, jafnvel þótt ég sé komin á fætur klukkan sex," sagði Cindy í nýlegu viðtali við The Cut. „Ég hef nefnilega ekki hugmynd um hvernig ég mun líta út þegar ég vakna að morgni og skammast sín eilítið fyrir að geta ekki gert jafn vel og ég gerði á milli tvítugs og 25 ára."

Cindy ber þó aldurinn vel. Hún lítur út fyrir að vera helmingi yngri en aldurinn segir til um, en hún varð 51 árs í febrúar.

„Fyrirsætur eldast eins og aðrir. Allt breytist, þótt við getum ekki alltaf séð eða bent á útlitsbreytingarnar sem gerast hægt," segir Cindy sem orðið hefur meira vör við öldrun húðar sinnar eftir að dóttir hennar, Kaia Gerber, fetaði í fótspor móður sinnar sem fyrirsæta.

„Koddafar í andlitinu tekur til að mynda mun lengri tíma að hverfa en áður, en hjá Kaiu er því öfugt farið. Þótt hún vakni þrútin eftir sushi-át kvöldið áður verður andlit hennar samt á kortéri. Ég er hins vegar steinhætt að setja sushi inn fyrir mínar varir því það tekur andlitið heilan dag að jafna sig eftir slíka máltíð."

## Fegurðarleyndarmál ekki til

Cindy gerir sitt til að halda sér unglegri og í formi. Hún stundar líkamsrækt minnst þrisvar í viku, dekrar við húð sína og forðast að borða hvítan mat, eins og brauð og pasta. Þrátt fyrir það tekst henni ekki að komast undan ummerkjum elli kerlingar sem læðast að með hverju árinu sem líður.

„Húðin, hárið og líkaminn. Ég legg mikla rækt við það allt, en geri mér fulla grein fyrir því að ég er orðin 51 árs. Það veitist stundum erfitt, og örugglega líka fyrir systur mínar, sem þó eru ekki fyrirsætur. Ég vil eðlilega skila mínu áfram upp á tíu, en verð að horfast í augu við það að ég hef annað að bjóða nú en þegar ég var 25 ára."

Þegar kemur að leyndardómum unglegs útlits og fegurðar, segir Cindy: „Ég er oft spurð um fegurðarleyndarmál mín en svara því til að þar sé enginn leyndardómur að verki. Við vitum öll hvað til þarf; að sofa nóg, drekka vatn og sleppa því að reykja, en mikilvægast er að gera það að föstum vana og halda sig við hann á degi hverjum."



Cindy árið 1990, þá 24 ára.

## Hvílir sig á glamúrnum

Börn Cindy Crawford, þau Kaia og Presley, hafa bæði haslað sér völl sem fyrirsætur.

„Börnunum þarf ég ekki að kenna neitt. Þau hafa fylgst með mér alla tíð. Séð mig fara snemma í háttinn þegar ég hef þurft að taka daginn snemma og þurfa að vakna fyrr til að koma að hreyfingu í þétt skipaða dagskrá. Það eru kannski bara mín börn sem þykjast ekki heyra hvað ég segi og því þarf ég að vera þeim lifandi fyrirmynd og láta verkin tala."

Cindy fylgdi Kaiu hvert fótmál þegar hún tók þátt í fyrstu tískuvikunni á ferli sínum.

„Ég ráðlagði henni að hvílast vel. Maður kemst kannski upp með að sofa í fimm, sex tíma eina til tvær nætur í röð, en annað hefnir sín. Því er mikilvægt að vinna fljótt upp í svefnskuldina eða slaka vel á með sjálfum sér."

Af og til sé líka gott að hvíla sig á glysi og glamúr fyrirsætulífsins.

„Við þurfum öll hvíld og tíma þar sem enginn snertir okkur. Að komast heim í venjuleg föt, þvo af okkur málninguna og vera heima í friði með sjálfum okkur. Vitaskuld erum við þakklát fólki sem hefur atvinnu af því að snerta okkur svo við lítum betur út, en of mikil athygli verður íþyngjandi og stundum þarf maður að stíga til hliðar til að gera sér ljóst að það er í raun óeðlilegt."




CANADA GOOSE
ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
LODGE - HERRA
kr.79.990.-
LODGE - DÖMU
kr.79.990.-
CITADEL
kr.119.990.-
KENSINGTON
kr.109.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.119.990.-
HYBRIDGE
kr.59.990.-
GRÍPTU GÆSINA
SETTU ALVÖRU GÆÐI Í JÓLAPAKKANN!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS



Lísa er ánægð með kápuna sem hún keypti á netinu fyrst hún fékkst ekki í hennar stærð í Kjólum og konfekti. MYNDIR/ERNIR

# Skiptir um stíl eftir árstíðum

**Lísa Karen Yoder hefur afgerandi og skemmtilegan fatastíl. Hún er ávallt á háum hælum og hefur gaman af því að ganga með hatta.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég skipti alveg um stíl eftir árstíðum. Ég geng ekki í svörtum fötum frá 1. maí fram til 1. október en ég vandi mig á þetta þegar ég bjó í Ameríku á sínum tíma. Mér finnst gaman að klæðast litum yfir sumarið og hvíli þá dökku fötin. Yfir veturinn er ég gjarnan í svörtu, dökkbláu, dökkbrúnu og gráu en um jólin vil ég vera í rauðu. Ég keypti mér hárauðan kjól í Motor og Miu í Kringlunni í fyrra og reikna með að nota hann aftur þessi jólin,“ segir Lísa Karen Yoder, lögfræðingur hjá Skattrannsóknarstjóra.

Hún segist vissulega fylgjast með tískustraumum og hafi gaman af því að sjá hvaða efni og snið séu móðins hverju sinni. „Ég fer oft í fatabúðir, bæði hér heima og í útlöndum og finnst gaman að sjá hvernig tískan er breytileg eftir löndum. Ég var í New York á dögunum og fór þá í Guess í fyrsta sinn og sá margt sem mér leist vel á.“

## Finnur föt á sig í barnadeildinni

Þegar Lísa er spurð hvaða búðir séu í mestu uppáhaldi hér heima hjá henni segist hún oft versla í Comma í Smáralindinni og föt frá Ann Taylor falla henni vel í geð. „Ég þarf að vera formlega klædd í vinnunni og kaupi gjarnan dragtir og kjóla í Comma. Þar sem ég er ekki mjög hávaxin þarf ég stundum að fara í barnadeildir til að finna föt á mig og þá minnir fjölskyldan mig á að velja mér ekkert með fiðrildum eða blómum,“ segir hún og skellir upp úr.



„Veskið keypti ég á götumarkaði í Smáralind. Sé eftir að hafa ekki keypt blátt líka,“ segir Lísa.

## Kjólar frá rokktímabilinu í uppáhaldi

Lísa er mikið fyrir pils og kjóla og segir að sér finnist gaman að fötum í retró- eða vintage-stíl. „Ég fer oft í Rauðakrossbúðirnar og Gyllta köttinn. Kjólar frá rokktímabilinu hafa alltaf heillað mig, sérstaklega ef þeir eru aðsniðnir að ofan og með víðu pilsi. Mér finnst líka skipta máli að efnið sé gott og vil ekki einhverjar tuskur. Ég kaupi stundum föt á netinu en óneitanlega er betra að geta snert á fötunum og fundið hvernig efnið er áður en maður kaupir flíkina. Ég velti því stundum lengi fyrir mér hvort ég eigi að fjárfesta í ákveðinni flík,“ segir hún og viðurkennir að vera sérstaklega veik fyrir skóm. „Maðurinn minn hefur talað um að byggja við húsið, yfir alla skóna mína. Annars er ég svo nýtin að það er farið að verða til vandræða. Ég á föt sem eru yfir þrjátíu ára gömul því ég hendi ekki fötum fyrr en þau eru komin í hengla,“ segir hún hlæjandi.

Hvað verstu kaupin varðar segir Lísa að það hafi verið fölbleik kápa sem fór fljótlega í Rauða krossinn. „Hins vegar er nýja, rauða kápan mín í miklu uppáhaldi. Hún er efnismikil og skemmtileg í sniðinu. Ég sá hana í Kjólum og konfekti en hún fékkst ekki í mínu númeri svo ég leitaði að henni á netinu og var mjög ánægð þegar ég fann hana,“ segir Lísa að lokum.



Sjalið er keypt í Peking. Lísa gaf ömmu sinni heitinni það í jólagjöf og erfði það er hún féll frá.



Kjóllinn er úr Comma.



Dragtin er úr verslunninni Bebe í Seattle, sem nú hefur fært verslunina yfir á netið.



Kr. 7.900.-
Str. S-XXL
Kr. 6.900.-
Str. S-XXL
Leggingsbuxur
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

# Hoth úlpur halda á þér hita í vetur

**Fataframleiðandinn Columbia, í samstarfi við framleiðendur Star Wars, ætlar að selja úlpur í takmörkuðu upplagi, innblásnar af búningum frá ísplánetunni Hoth úr Star Wars heiminum.**

Það er enginn skortur á frábærum útivistarmerkjum hér á Íslandi og heldur enginn skortur á köldu veðri sem þarf að vernda sig gegn. En í vetur væri kannski ráð að leita út fyrir landsteinana, því bandaríska íþrótta- og útivistarmerkið Columbia, í samstarfi við framleiðendur Star Wars, ætlar að byrja að selja Star Wars úlpur sem eru byggðar á klæðnaðinum sem Luke Skywalker, Leia Organa og Han Solo notuðu á ísplánetunni Hoth í byrjuninni á Star Wars Episode V: The Empire Strikes Back.

Úlpurnar eru kallaðar Echo Base-safnið og eru í takmörkuðu upplagi, en aðeins 1.980 eintök verða framleidd af hverri úlpu, en það er vísun í árið þegar The Empire Strikes Back kom út.

Úlpurnar eru búnar kuldavörnum sem ættu að duga á Hoth og eru sagðar mjög einangrandi en um leið anda vel.

Luke Skywalker jakkinn er sagður hlýrri en tauntaun, en það voru reiðskjótar uppreisnarmannanna á Hoth, sem Han Solo notaði til að bjarga lífi Luke þegar hann fannst kaldur og hrakinn. Jakkinn er úr bómullarblöndu, er vatnsheldur og honum fylgir vesti og hetta sem hægt er að pakka inn í vestið. Framleiðandinn lofar að hann haldi á manni hita hvort sem maður er í eftirlitsferð á ísplánetu eða að búa sig undir einvígi við föður sinn.

Han Solo úlpan er sögð hlýrri en knús frá uppáhalds váknum þínum. Úlpan er úr endingargóðri og vatnsheldri bómullarblöndu og sögð lík Han sjálfum, hrjúf og hörð af sér að utan en hlý og uppfull af óvæntum glaðningi að innan. Úlpan er með stórri hettu sem er skreytt með gervifeldi og hjálpar til við að sleppa óséður fram hjá útsendurum Jabba.

Leia Organa jakkinn er úr sama efni og úlpurnar en í kvensniði. Honum fylgir vesti og hann er bæði hrjúfur og tignarlegur, enda dugir ekkert minna fyrir prinsessu sem ferðast vetrarbrauta á milli í stríðsátökum. Hann er sagður veita sjálfsöryggi hvort sem þú mætir veðri og vindum eða stjörnuspilli.

Yfirhafnirnar verða fáanlegir á vefsíðu Columbia á morgun, föstudag, en verða líka seldar í verslunum Columbia víðs vegar um Bandaríkin. Þeir kosta rúmar 40 þúsund krónur.

Það er ein flík í viðbót í boði. Brún útgáfa af Han Solo úlpunni. Sú kostar 1.980 dollara, eða rúmlega 200 þúsund krónur. Allur ágóði af sölu hennar fer til góðgerðarmála og hvert eintak er áritað af Harrison Ford sjálfum, sem lék Han Solo.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Columbia býður upp á Star Wars-tengdar yfirhafnir. Í desember í fyrra voru gerðir þrír jakkar sem voru innblásnir af búningum úr Rogue One: A Star Wars Story, sem kom út rétt fyrir jólin í fyrra. Þeir seldust upp mjög hratt, þannig að þeir sem vilja eintak úr Echo Base safninu þurfa að vera á tánum.



Mark Hamill, Carrie Fisher og Harrison Ford léku aðalpersónur fyrsta Star Wars þríleiksins, Luke, Leiu og Han Solo. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Luke Skywalker úlpunni fylgir vesti með hettu. MYND/COLUMBIA



Leia Organa jakkinn er fíngerður og kvenlegur í sniði. MYND/COLUMBIA



Han Solo úlpan er stærri, hrjúfari og loðnari en hinar flíkurnar. MYND/COLUMBIA




















Matt Smith er best þekktur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum The Crown og Doctor Who.

# Best klæddu karlmennirnir

## Fyrr í vikunni birti bandaríska lífsstílstímaritið GQ lista yfir best og verst klæddu karlmenn ársins 2018.

Bandaríska lífstílstímaritið GQ birti fyrr í vikunni lista yfir best og verst klæddu karlmenn ársins 2018. Á toppnum yfir best klæddu karlmennina trónir enski leikarinn Matt Smith sem hefur m.a. slegið í gegn í Netflix sjónvarpsseríunni The Crown. Næstur á listanum er bandaríski rapparinn A$AP Rocky og þar á eftir er bandaríski leikarinn Jeff Goldblum.

Um leið birtir tímaritið lista yfir verst klæddu menn ársins. Þar er efstur á lista góðkunningi íslenskra sjónvarpsáhorfenda, breski leikarinn Kit Harington sem er best þekktur fyrir túlkun sína á Jon Snow í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones. Næstur á lista er breski rithöfundurinn og leikarinn Paul Merton og númer þrjú er samfélagsmiðlastjarnan Tim Burton, best þekktur sem Shmee150.

Það eru starfsmenn GQ sem velja listann auk ýmissa sérfræðinga úr tísku- og skemmtanaiðnaðinum, þ. á m. Giorgio Armani, Tommy Hilfiger og Frank Ocean.

Nánari umfjöllun um listana auk mynda af Matt Smith má finna í janúar-/febrúartölublaði tímaritsins sem kemur út á næsta ári.

| Best klæddu menn ársins 2018 | Verst klæddu menn ársins 2018 |
|---|---|
| 1. Matt Smith | 1. Kit Harington |
| 2. A$AP Rocky | 2. Paul Merton |
| 3. Jeff Goldblum | 3. Shmee150 |
| 4. Harry Styles | 4. Jacob Rees-Mogg |
| 5. Andrew | 5. Morrissey |
| 6. Skepta | 6. PewDiePie |
| 7. Riz Ahmed | 7. Louis Theroux |
| 8. Ryan Reynolds | 8. Marshmello |
| 9. Brooklyn Beckham | 9. Elon Musk |
| 10. Alessandro Michele | 10. Joe Wicks |



## Bílar & Farartæki

BÍLA GALLERÍ



**NÝR MMC OUTLANDER PHEV Á 3.990Þ**

MMC OUTLANDER PHEV PLUG IN HYBRID RAFMAGN / BENSÍN. 4X4, NÝR ! SJÁLFSK, LEÐUR/RÚSSKIN, LYKLALAUST AÐGENGI, OFL. VERÐ AÐEINS 3.990 Þ. RAÐNR 111697. Á STAÐNUM !



**100% LÁN MÖGULEIKI**

TOYOTA YARIS SOL SJÁLFSKIPTUR 1300 VÉL. Árgerð 2008, Ekinn aðeins 106 þ.km, Verð 990 þ. 100% lán möguleiki ! Sjá raðnr.111673 á bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 35" breyttur nýskr. 03/2005, ekinn 202 Þ.km, disel, sjálfskiptur, nýleg dekk. Toppeintak! Verð 2.890.000 kr. Raðnr.257165 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

SPAR Ibíll



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**

Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**

Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**

Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

### Múrarar

**MÚRARAR**

Getum bætt við okkur stórum og smáum verkefnum strax. Allt almennt múrverk.

Flotun, flísalagnir, steypuvinna og.fl. Fagmenntaðir Íslenskir fagmenn

**PG-JG Verktakar Jón Gunnar 867-6698 Þorvarður 892-6101**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677



Þjóðlagagitarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is


Vissir þú að... börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi


# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Jólatilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd**
**Aðeins 5.500.- kr.**
**Meðferðin tekur 30 mín.**

**Munið gjafabréfin okkar.**

***Verið hjartanlega velkomin.***

**Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart**

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Kjöreign ehf
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is




## ÍBÚÐIR TIL LEIGU: LAUGAVEGUR 59, KJÖRGARÐUR.

Til leigu 11 íbúðir á 3. 4. og 5. hæð í lyftuhúsi. Íbúðirnar eru allar nýjar og afhendast fullfrágengnar með öllum tækjum í eldhúsi, einnig þvottavél og þurrkara. Allur frágangur er vandaður. Mikið útsýni úr íbúðunum.

Svalir á 3. og 4. hæðinni eru innbyggðar með svala-lokun. Stórar þaksvalir eru á 5. hæðinni og eru heitir pottar á svölum stærri íbúðanna. Bílastæði í bílag-eymsluhúsi Reykjavíkurborgar fylgir hverri íbúð.

Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja, stærðir frá 78 fm. til 138 fm. Afhending 8 íbúða gæti verið strax og hinar 3 gætu verið tilbúnar fyrir áramót.

**Íbúðirnar verða sýndar fimmtudaginn 7. des milli kl. 17:00-18:00**

**Uppl gefur: Dan V S Wiium hdl. og lögg. fasteignasali S. 896-4013**

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga

**BYGGINGAKRANI**
Til leigu sjálfreisandi krani: H22m, L:27m/850 kg Sjá augl. á: www.bland.is

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com






Sveitarfélagið ÁRBORG

# Tilboð í gerð hönnunargagna

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í gerð hönnunargagna fyrir útivistarsvæði miðsvæðis á Selfossi. Meginþáttur verkefnisins snýr að Sigtúnsgarði, en önnur svæði eru Tryggvagarður, leikvöllur við Heiðarveg og opið svæði á mótum Kirkjuvegar/Sigtúns og Engjavegar. Óskað er eftir tilboðum í allt verkið eins og því er lýst í verðkönnunargögnum. Hönnunargögn skulu liggja fyrr tilbúin eigi síðar en föstudaginn 6. apríl 2018.

Verðkönnunargögn verða afhent á pdf formi frá og með 6. desember 2017. Beiðnir um afhendingu verðkönnunargagna skulu sendar á netfangið utbod@arborg.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda.

Nánari upplýsingar gefur Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, í gegnum netfangið asta@arborg.is.

**Tilboðum skal skilað á netfangið asta@arborg.is, eigi síðar en kl. 14:00 þann 29. desember 2017.**

*Sveitarfélagið Árborg*

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi. Stækkun hótels í Bitru.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi í landi Bitru á 5 ha svæði umhverfis núverandi gistihús. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði heimilt að stækka núverandi húsnæði þannig að hótelið verði allt að 6.000 fm að stærð. Í breytingunni er landnotkun breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu.

**Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsmál:**

2. **Endurskoðun Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi 24. nóvember 2017 tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps fyrir tímabilið 2016-2032. Tillagan var auglýst þann 26. janúar 2017 með athugasemdafresti til 10. mars, sem síðan var lengdur til 21. apríl. Sveitarstjórn samþykkti aðalskipulagið fyrst á fundi 11. maí 2017 með nokkrum breytingum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma. Síðan þá hafa verið gerðar nokkra viðbótar breytingar til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar og var tillagan endanlega samþykkt á fundi 24. nóvember 2017.

3. **Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 innan þéttbýlisins Árnes.**
Sveitarstjórn Skeið- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi 15. nóvember 2017 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins innan þéttbýlisins Árnes sem felst í stækkun íbúðarsvæðis við enda Bugðugerðis, þjónustusvæði Þ4 við Skólabraut (leikskólalóð) breytist í íbúðarsvæði, svæði fyrir verslun- og þjónustu (lóð Nónsteins merkt V3) stækkar auk þess sem opið svæði til sérstakra nota minnkar. Tillagan var auglýst samhliða deiliskipulagi svæðisins þann 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Tvær athugasemdir bárust en breytingin var samþykkt óbreytt og hefur nú verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

4. **Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Snæfoksstaða.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 8. nóvember 2017 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps á þann veg að svæði sem nær yfir lóðina Snæfoksstaðir lóð 100 verði breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða þar sem um er að ræða breytingu til samræmis nýtingu aðliggjandi lóðar og er hún ekki talin hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

5. **Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli sem kallast Árheimar í Flóahreppi.**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 14,4 ha spildu úr landi Hólmasels 2. Er heildarstærð landsins 58,1 ha og er það skráð sem lögbýli og gert ráð fyrir að nafn þess verði Árheimar. Er tillagan unnin á grunni lýsingar sem kynnt hefur verið skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu, allt að 300 fm íbúðarhúss á 1 - 2 hæðum auk þriggja allt að 150 fm starfsmanna-/gestahúsa. Þá er gert ráð fyrir að afleggja þverskurð á miðju skipulagssvæðinu og grafa í stað hans nýjan skurð um 15 m frá Villingaholtsvegi.

6. **Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli sem kallast Leyndarholt á 7,5 ha spildu úr landi Brjánsstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 7,5 ha spildu úr landi Brjánsstaða sem kallast Leyndarholt. Stofnað hefur verið lögbýli á landinu og samkvæmt deiliskipulagstillögunni er þar gert ráð fyrir byggingu íbúðarhús, hesthús og skemmu.

7. **Deiliskipulag fyrir jörðina Skálholt í Bláskógabyggð.**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina og nær tillagan til allrar jarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Samkvæmt tillögunni eru m.a. afmarkaðir byggingarreitir fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðun lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og staðsetning Þorláksbúðar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:**

8. **Deiliskipulag svæðis í landi Ölvisholts í Flóahreppi fyrir kúlutjöld til útleigu.**
Auglýst er tillaga deiliskipulagi svæðis í landi Ölvisholts þar sem afmarkað er svæði fyrir kúlutjöld auk tveggja byggingarreita fyrir hreinlætisaðstöðu. Er gert ráð fyrir allt að 6 kúlutjöldum á svæðinu,tveimur allt að 35 fm salernum með sturtu og tveimur 10 fm, auk allt að 35 fm aðstöðuhúss.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

9. **Breyting á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Sveitarstjórn Skeið- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi 15. nóvember 2017 tillögu að breytingu á deiliskipulagi innan þéttbýlisins sem m.a. felst í að verslunar- og þjónustulóðin V3 (Nónsteinn) stækkar, gert er ráð fyrir 3 íbúða raðhúsi og parhúsi við enda Bugðugerðis og 4 íbúða raðhúsi við Skólabraut í stað lóðar fyrir leikskóla. Þá er nokkrar breytingar sem varða afmörkun lóða og vega til samræmis við nákvæmari mælingar.Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins þann 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Tvær athugasemdir bárust en breytingin var samþykkt óbreytt og hefur nú verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

10. **Breyting á deiliskipulagi Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Sveitarstjórn Skeið- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi 1. nóvember 2017 tillögu að breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að fjórum einbýlisalóðum við Holtabraut (1,3,5 og 7) er breytt í tveir raðhúsalóðir fyrir 4-6 íbúðir á bilinu 40 - 90 fm í hvoru húsi fyrir sig með sameiginlegu bílastæði vestan lóðanna. Þá er aðkomu frá Skeiðavegi að Malarbraut lokað og austurmörk lóðar nr. 3 færð fjær landamörkum við Húsatóftir 2. Tillagan var kynnt 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Eitt andmælabréf barst með undirskrift 15 aðila. Tillagan var samþykkt óbreytt frá auglýstri tillögu og verður nú send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.

Skipulagstillögur nr. 1 og 5-7 eru í kynningu frá 7. til 18. desember 2017 en tillaga nr. 8 frá 7. desember 2017 til 19. janúar 2018. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 og 5-7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 18. desember 2017 en 19. janúar 2018 fyrir tillögu nr. 8. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@utu.is***


Veldu
aðeins
það
besta
HEAD
FISCHER
Skíði í jólapakkann
20% afsláttur
af öllum
skíðapökkum
Herraskíðapakkar
Verð frá 61.588,-
Dömuskíðapakkar
Verð frá 66.388,-
Barnaskíðapakkar
Verð frá 29.995,-
Gönguskíðapakkar
Verð frá 38.864,-
Alpina Sólgleraugu
verð frá 5.495,-
Head skíðagleraugu
verð frá 7.995,-
Skíðahjálmar
verð frá 12.995,-
Skíðahanskar
verð frá 5.995,-
Skíðafatnaður í miklu úrvali
á börn og fullorðna
Head bakbrynjur
verð frá 11.995,-
Listskautar
verð frá 10.995,-
HEAD
FISCHER
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF






Jón Axel Guðmundsson hefur spilað vel með Davidson í vetur og bætt sig í öllum tölfræðiþáttum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fékk klapp á bakið frá dáðasta syni Davidson

**Jón Axel Guðmundsson hefur farið vel af stað með körfuboltaliði Davidson-háskólans í Bandaríkjunum og fékk m.a. hrós frá sjálfum Steph Curry. Jón Axel kann vel við sig í stærra hlutverki en í fyrra og stefnir á úrslitakeppnina.**

**KÖRFUBOLTI** Jón Axel Guðmundsson var stigahæstur á vellinum þegar Davidson Wildcats vann öruggan sigur á VMI Keydets, 74-51, í bandaríska háskólakörfuboltanum í fyrradag. Grindvíkingurinn skoraði 22 stig og tók auk þess sjö fráköst, gaf tvær stoðsendingar og stal boltanum í fjórgang.

„Þetta var klárlega einn af bestu leikjunum sem ég hef spilað í vetur,“ sagði Jón Axel þegar Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið í gær.

Frægasti sonur Davidson, Steph Curry, var mættur á John M. Belk Arena til að fylgjast með sínu gamla liði og sat á fremsta bekk. Eftir leikinn kíkti Curry inn í klefa og heilsaði upp á Jón Axel og félaga.

„Hann heilsaði öllum. Þegar hann heilsaði mér sagði hann bara flottur leikur, haltu áfram að vera ákveðinn og ef þú heldur áfram að spila eins og þú ert að gera er aldrei að vita nema við sjáumst fljótlega,“ sagði Jón Axel um samskipti sín við Curry. Hann segir að Curry, sem hefur tvisvar sinnum verið valinn verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar, sé í miklum metum í Davidson.

„Skólinn er að sjálfsögðu mjög stoltur af honum. Hann er eiginlega eini leikmaðurinn sem hefur náð langt í NBA. Hann er andlit skólans. Hann sendir þjálfaranum reglulega skilaboð,“ sagði Jón Axel sem spilar undir stjórn sama þjálfara hjá Davidson og Curry gerði á sínum tíma. Sá ágæti maður heitir Bob McKillop og hefur þjálfað Villikettina síðan 1989.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jón Axel spilar vel undir vökulu auga stórstjörnu. Um helgina fylgdist sjálfur Michael Jordan með leik Davidson gegn gamla liðinu sínu, North Carolina Tar Heels. Jón Axel skoraði þá 19 stig, tók sex fráköst og gaf sex stoðsendingar í 10 stiga tapi, 75-85.

„Þetta er það skemmtilega við þetta. Þegar þú ert í Bandaríkjunum og spilar svona stóra leiki eru stórir kallar að fylgjast með,“ sagði Jón Axel sem hafði ekki hugmynd um að Jordan hefði fylgst með leiknum fyrr en eftir á.



Jón Axel og Steph Curry eftir leik Davidson og VMI í fyrradag.

### Bæting á tölfræði Jóns Axels á milli ára (meðaltöl í leik):

| | | |
|---|---|---|
| Stig | 8,2 | 17,1 |
| Fráköst | 4,0 | 6,0 |
| Stoðsendingar | 3,5 | 5,4 |
| Stolnir boltar | 1,1 | 1,7 |
| Skotnýting | 41,1% | 53,4% |
| Þriggja stiga nýting | 32,7% | 43,9% |
| Vítanýting | 73,3% | 85,7% |
| Skot reynd | 6,4 | 10,4 |
| Þriggja stiga skot reynd | 3,6 | 5,9 |
| Vítaskot reynd | 2,4 | 4,0 |

> **Það er alltaf skemmtilegra að vera lykilmaður og það er bara undir mér komið að standa mig.**
>
> Jón Axel Guðmundsson

Jón Axel er á sínu öðru tímabili hjá Davidson sem er staðsettur í samnefndri borg í Norður-Karólínu. Sé litið á tölfræðina er ljóst að Grindvíkingurinn hefur bætt sig gríðarlega milli ára. Hann hefur tvöfaldað stigaskor sitt, tekur mun fleiri fráköst og gefur fleiri stoðsendingar. Þá tekur Jón Axel fleiri skot í leik og skotnýtingin er miklu betri, bæði inni í teig, utan hans og á vítalínunni.

„Við misstum aðalskorarann okkar sem útskrifaðist. Það myndaðist hlutverk sem ég ákvað að stíga inn í. Það er alltaf skemmtilegra að vera lykilmaður og það er bara undir mér komið að standa mig,“ sagði Jón Axel sem kann vel við ábyrgðina sem fylgir því að vera í stærra hlutverki.

Aðspurður segist Jón Axel hafa bætt líkamlegan styrk hjá sér síðan hann fór til Davidson.

„Maður hefur þyngst og bætt við sig vöðvamassa til að geta spilað á móti stærri og sterkari mönnum,“ sagði Jón Axel. Hann segir æfingarnar hjá Davidson margar og stífar. „Við æfum 5-6 sinnum í viku, lyftum þrisvar. Æfingarnar eru í 2,5-3 tíma. Þetta er mjög skipulagt og allt á fullum hraða.“

Jón Axel og félagar hafa unnið alla þrjá heimaleiki sína á tímabilinu og alls fjóra af sjö leikjum sínum. En hvert er markmið Villakattanna í vetur?

„Það er að komast í March Madness. Og ef við komumst þangað að reyna að fara eins langt og við getum,“ sagði Jón Axel og átti þar við úrslitakeppni bandaríska háskólaboltans sem nýtur mikilla vinsælda. „Við eigum að vera með mjög sterkt lið í vetur og það væri gaman að komast í úrslitakeppnina.“ ingvithor@365.is

# GJAFAVÖRUDAGAR

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GJAFAVÖRUM

7. – 13. des.



Salt- og piparkvörn
Tilboðsverð 3.749 kr.
Verð áður 4.999 kr.



Viðarbakki
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.



Jólaskál
Tilboðsverð 1.124 kr.
Verð áður 1.499 kr.



Kirsuber
Tilboðsverð 741 kr.
Verð áður 989 kr.



Kertastjaki
Tilboðsverð 3.374 kr.
Verð áður 4.499 kr.



Ljósker, keramik
Tilboðsverð 6.674 kr.
Verð áður 8.899 kr.



Skál á fæti
Tilboðsverð 2.624 kr.
Verð áður 3.499 kr.



Jólabolli
Tilboðsverð 674 kr.
Verð áður 899 kr.



Hreindýr
Tilboðsverð 2.849 kr.
Verð áður 3.799 kr.



Skrímslasnagi
Tilboðsverð 591 kr.
Verð áður 789 kr.



Barnamatarstell
Tilboðsverð 4.011 kr.
Verð áður 5.349 kr.



Snjókúla
Tilboðsverð 2.099 kr.
Verð áður 2.799 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

## Merkisatburðir

**1879** Jón Sigurðsson forseti andast í Kaupmannahöfn, 68 ára. Hann var jarðsettur í Reykjavík 4. maí 1880 ásamt Ingibjörgu Einarsdóttur konu sinni sem lést 16. desember 1879.

**1881** Minnisvarði um Jón Sigurðsson er afhjúpaður á gröf hans í Hólavallagarði í Reykjavík. Varðinn var reistur fyrir samskotafé og var afhjúpaður „í viðurvist mesta fjölmennis af öllum stéttum“, eins og segir í Árbókum Reykjavíkur.

**1933** Ríkisútvarpið útvarpar miðilsfundi í fyrsta sinn. Þar töluðu ýmsar verur í gegnum Láru Ágústsdóttur miðil.

**1936** Síld fellur úr lofti í Bjarnaeyjum á Breiðafirði, sennilega af völdum skýstróks.

**1941** Japanir ráðast á Perluhöfn og draga þannig Bandaríkin inn í síðari heimsstyrjöldina.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhannes Kristjánsson**

lést 2. desember á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**Ólafía Jóhannesdóttir**
**Kristján Jóhannesson** **Florencia B. Jóhannesson**
**Jóhannes Haukur Jóhannesson**
**Sigurður Jóhannesson**
**Soffía Freydís Jóhannesdóttir**
**afa- og langafabörn.**



Útför systur okkar,

**Rúnu Bínu Sigtryggsdóttur**

fer fram föstudaginn 8. desember frá Háteigskirkju klukkan 15.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans, (sími 5431000).

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Anna Ingibjörg Sigtryggsdóttir**
**Unnur Sigtryggsdóttir**
**Jakobína Sigtryggsdóttir**
**Jóhanna Sigtryggsdóttir**
**Sigríður Sigtryggsdóttir**



Nasza ukochana mama,

**Alicja Jarzębowicz**

zamieszkała w Grindavíku przy ulicy Heiðarhrauni 6,

zmarła w środę, 29go listopada w szpitalu Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.
Uroczystości pogrzebowe odbędą się w piątek, 8-ego grudnia w kaplicy Chapel of Light, Ásbrú o godzinie 14.

**Syn Krzysztof Jarzębowicz z żoną Agnieszką Jarzębowicz oraz dziećmi Natalią i Julią**
**Anna Łosiewicz z synem Dominikiem**
**Marzena Jarzębowicz**
**Marcin Jarzębowicz**
**oraz Radosław Jarzębowicz**



Faðir minn,

**Magnús Snædal Rósbergsson**

málfræðingur,
Ránargötu 35a, Reykjavík,

lést þann 3. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda,**
**Kári Magnússon**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Núna getur hver sem er fengið innsýn í starfið á Hrafnistu í gegnum Snapchat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nú geta allir fylgst með Hrafnistu á Snapchat

**Hjúkrunarheimilið Hrafnista er komið á samfélagsmiðilinn Snapchat. Tilgangurinn er að veita áhugasömum innsýn í það sem er að gerast á Hrafnistu hverju sinni. Íbúarnir eru ánægðir og spenntir fyrir framtakinu að sögn forstöðumanns Hrafnistu í Hafnarfirði.**

Hjúkrunarheimilið Hrafnista er byrjað að nota Snapchat og er ef til vill fyrsta hjúkrunarheimili Evrópu til að taka þann samfélagsmiðil í notkun. „Við höfum það ekki staðfest en við vitum ekki um neitt hjúkrunarheimili sem er að nota Snapchat,“ segir Árdís Hulda Eiríksdóttir, forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði.

Spurð út í hvernig þetta kemur til segir Árdís: „Í raun og veru erum við búin að ganga með þessa hugmynd í maganum í smá tíma. Við erum náttúrulega gríðarlega stórt fyrirtæki og við viljum nýta tæknina til að ná til sem breiðasts hóps fólks.

Aðalmarkmiðið er að kynna starf Hrafnistu frá ólíkum sjónarhornum og gefa starfsfólkinu tækifæri til að sýna hvað felst í starfinu.“

> **Við erum náttúrulega gríðarlega stórt fyrirtæki og við viljum nýta tæknina til að ná til sem breiðasts hóps fólks.**

Eins og áður sagði opnaði Hrafnista Snapchat í gær þannig að það er ekki komin mikil reynsla á verkefnið. En Árdís segir planið vera þannig að hver deild eða starfsmannahópur hafi umsjón með Snapchat í viku í senn. „Þá geta þau sýnt hvað þau eru að gera í vinnunni, frá viðburðum og svo framvegis.

Það eru um 1.200 starfsmenn hjá okkur á sex Hrafnistuheimilum. Þannig að starfsmenn Hrafnistu geta líka sýnt öðrum starfsmönnum hvernig þeir gera hlutina. Og þetta er í raun fyrir alla sem hafa áhuga á að kynnast starfinu og ekki síst fyrir vini og ættingja íbúa Hrafnistu og íbúana sjálfa,“ útskýrir Árdís.

| 5341 | 12144 | 19529 | 26308 | 33838 | 41709 | 46955 | 54414 | 61500 | 66939 | 73982 | 79862 |
| 5504 | 12162 | 19530 | 26368 | 34122 | 41912 | 46968 | 54500 | 61525 | 67025 | 73996 | 79883 |
| 5593 | 12190 | 19593 | 26394 | 34500 | 42000 | 46993 | 54580 | 61635 | 67027 | 74067 | 79936 |
| 5608 | 12290 | 19599 | 26707 | 34537 | 42042 | 47219 | 54694 | 62017 | 67078 | 74068 | 79943 |
| 5628 | 12526 | 19783 | 26892 | 34562 | 42069 | 47226 | 54801 | 62082 | 67317 | 74312 | |
| 5677 | 12527 | 19866 | 27150 | 34678 | 42123 | 47330 | 54898 | 62165 | 67380 | 74330 | |
| 5694 | 12622 | 19874 | 27212 | 35265 | 42154 | 47361 | 55097 | 62225 | 67646 | 74353 | |
| 5809 | 12699 | 19921 | 27240 | 35285 | 42251 | 47524 | 55280 | 62311 | 67683 | 74385 | |
| 5812 | 12717 | 20025 | 27254 | 35318 | 42353 | 47729 | 55300 | 62342 | 67692 | 74438 | |
| 6169 | 12721 | 20032 | 27298 | 35353 | 42409 | 47738 | 55325 | 62425 | 67809 | 74452 | |
| 6202 | 12814 | 20073 | 27365 | 35364 | 42420 | 47823 | 55397 | 62494 | 67873 | 74516 | |
| 6357 | 12983 | 20221 | 27497 | 35457 | 42562 | 47874 | 55441 | 62603 | 67984 | 74636 | |
| 6480 | 13041 | 20300 | 27603 | 35528 | 42630 | 47977 | 55529 | 62691 | 68032 | 74744 | |
| 6529 | 13138 | 20340 | 27636 | 35609 | 42671 | 48006 | 56027 | 62751 | 68097 | 74824 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 15. desember 2017
Birt án ábyrgðar um prentvillur




## BÍÓ



**Myndin er meistaralega vel leikin.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Grískur harmleikur með prakkaralegum snúningi

**KVIKMYNDIR**

**The Killing of a Sacred Deer**
★★★★☆

**Leikstjóri:** Yorgos Lanthimos
**Framleiðendur. Ed Guiney, Yorgos Lanthimos**
**Handrit:** Yorgos Lanthimos
**Aðalhlutverk:** Colin Farrell, Nicole Kidman, Barry Keoghan

Í upphafsskoti myndarinnar The Killing of a Sacred Deer sjáum við opinn skrokk í miðri skurðaðgerð. Hjarta sem slær fyllir út í rammann og með þessu skoti er ekkert verið að spara sekúndurnar. Segja má að þetta marki viðeigandi upphaf og gefi réttan tón; sýnin er undarlega dáleiðandi en í senn óþægileg til lengdar, á sinn hátt kemur þetta miklu til skila varðandi stefnu og þemu sögunnar og sýnir valdið sem skurðlæknirinn hefur yfir því lífi sem hann er bókstaflega með í höndunum.

Colin Farrell leikur Steven, fjölskylduföður og skurðlækni sem í upphafi sögunnar virðist vera sáttur við lífið og með hlutina á hreinu.

Smám saman kemst til skila að eitthvað er ekki alveg með felldu og spretta upp spurningar um forvitnileg tengsl sem Steven hefur myndað við sextán ára pilt, hinn lokaða og uppáþrengjandi Martin (leikinn af Barry Keoghan). Eftir því sem áhorfandinn fær meira að vita um ásetning og vonir þessa drengs, fer persóna Stevens að skýrast ásamt því sem hann þarf að gera upp við sig, hvað sem það mun kosta hann eða aðra sem standa honum nærri.

Gríski leikstjórinn og handritshöfundurinn Yorgos Lanthimos (Dogtooth, The Lobster) fer ekki í felur með sérvisku sína frekar en fyrri daginn.

Lanthimos er einkennilegur en mikill fagmaður; ögrandi, súr en frumlegur, eins og fyrri myndir hans hafa sýnt.

The Killing of a Sacred Deer er ýkt saga þar sem glímt er við truflandi og manneskjuleg málefni, en á bak við þetta allt saman liggur sótsvört kómík, sem gerir heildina í rauninni ruglaðri og fyrir vikið bitastæðari. Rétt eins og í öðrum myndum leikstjórans er tilfinningalaus stemning allsráðandi. Andrúmsloftið er lágstemmt, á mörkum þess að vera svellkalt, og viðbrögð persóna eru merkilega dauf, en þetta mótar oft skemmtilega hliðstæðu við yfirdrifnari þætti sögunnar og styrkir þá.

Það tekur framvinduna sinn tíma að fletta af lögunum og kannski fulllangan tíma að koma sér að efninu, en á heildina litið er handritið vel skrifað og veit Lanthimos oftar en ekki hvenær best er að veita réttu svörin. Notkunin á útvöldum klassískum stefjum gefur líka tóninn fyrir rísandi óþægindin og að sama skapi er kvikmyndatakan sérlega eftirtektarverð að því leyti hvernig áhorfandinn lokast inni í veröld Stevens sem smátt og smátt skreppur saman. Myndavélin svífur í kringum hann eins og guðleg vera á stundum, sem er bara viðeigandi í samhengi sögunnar.




Myndin skartar meistaralegum leik frá öllum hliðum. Oft er sagt að því ódýrari sem bíómyndin er, því áreiðanlegri verði Colin Farrell. Í Hollywood-myndum tekst honum örsjaldan að skilja eitthvað eftir sig en í myndum eins og The Lobster og In Bruges er hann aftur á móti framúrskarandi. Í þessari er hann frábær sem hinn ræfilslegi en kyrrláti Steven og fetar glæsilega einstigið á milli þess að vera annars vegar viðkunnanlegur og týpískur en hins vegar ávallt með einhverja dekkri skugga sýnilega. Nicole Kidman vinnur einnig kyrrlátan leiksigur og Barry Keoghan er ógleymanlegur sem hinn ungi Martin.

Lanthimos leikur sér taumlaust að myndlíkingum og þemum, og fjallar myndin um eftirsjá, flótta undan ábyrgð og gjörðum og ekki síður hvað það er sem skapar fullkomið fjölskyldumynstur. Til gamans má geta þess að nóg er af tilvísunum í harmsögur Biblíunnar og grískrar goðafræði til að vekja umræður. Titillinn vísar einmitt í söguna af Agamemnon konungi, þegar hann drap fyrir slysni hjartardýr á heilögum velli og þurfti að gjalda fyrir það með blóðtolli. Satt að segja er ýmislegt sem þessi kvikmynd á sameiginlegt með nýjustu mynd Darrens Aronofsky, Mother! Lathimos fer aftur á móti aðeins fínlegar í hlutina heldur en Aronofsky gerði. Sérviska leikstjórans og þessi „tónabræðingur“ hans getur stundum leitt til hallærislegra kafla, en myndin gengur bæði upp í flestu sem hún sýnir og segir frá en sömuleiðis með því sem haldið er óljósu og óræðu.

Það finnst sjálfsagt ekki öllum skemmtilegt að horfa á myndir sem eru gerðar til þess að skapa ákveðin óþægindi, en The Killing of a Sacred Deer er markviss, beitt, úthugsuð saga sem kemur sífellt á óvart. Þetta er mynd sem mun fara öfugt í suma á meðan aðrir munu dást að lágstemmdri geðveiki hennar og mögulega glotta yfir henni í fáein skipti.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Erfið, rugluð en ákaflega frumleg, marglaga og umræðuverð kvikmynd. Colin Farrell ætti helst bara að halda sig við litlu myndirnar.

markhönnun ehf

netto




**KORTLAGNING ÍSLANDS**
REYNIR F. GRÉTARSSON
**6.499 KR STK**




**LITLA VÍNBÓKIN**
SÉRFRÆÐINGUR Á 24 TÍMUM
**2.309 KR STK**




**STAR WARS**
FYRIR ALLA
**3.499 KR STK**




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**4.199 KR STK**




**GUNNAR BIRGISSON ÆVISAGA**
ORRI PÁLL ORMARSSON
**4.949 KR STK**




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**4.199 KR STK**




**MISTUR**
RAGNAR JÓNASSON
**4.199 KR STK**




**BIEBER OG BOTNRASSA**
HARALDUR F. GÍSLASON
**2.988 KR STK**




**EKKI GLEYMA MÉR**
KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR
**4.619 KR STK**




**HELGI TÓMASSON**
ÞORVALDUR KRISTINSSON
**5.279 KR STK**




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.619 KR STK**

Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
Aukakrónur 5%
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

Wonder – SÝND KL. 5.30, 8, 10
Jigsaw – SÝND KL. 8, 10.25
Bad Moms Christmas – SÝND KL. 8, 10.15
Undir trénu – SÝND KL. 6
Litla vampíran – SÝND KL. 5.30

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Daddy's Home 2 – JÓLAGRÍNMYNDIN Í ÁR
Coco – Frozen Ævintýri Ólafs á undan myndinni
Justice League
Thor Ragnarok

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 6 |
| DADDY'S HOME 2 VIP | KL. 5:40 - 8 | VIP |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 - 6:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 10:20 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:10 - 7:45 - 10:20 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 7:45 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | 6 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 | 12 |

# Góða skemmtun í bíó

GS IMPORT
Allur borðbúnaður fyrir veitingahús
gsimport.is
892 6975

Starfsmanna- og munaskápar
RMI OFNASMIÐJAN
www.rymi.is

## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar Borgardætra
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Andrea Gylfadóttir, Ellen Kristjánsdóttir og Berglind Björk Jónasdóttir verða í jólaskapi að venju og syngja öll sín ljúfustu lög á milli þess sem þær bjóða upp á ýmsar óvæntar uppákomur. Með þeim verður sama gamla, góða hljómsveitin, skipuð Eyþóri Gunnarssyni píanóleikara og hljómsveitarstjóra, Andra Ólafssyni bassaleikara og Magnúsi Tryggvasyni Eliassen trommuleikara.

**Hvað?** Biggi Hilmars – Dark Horse útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Biggi Hilmars gaf nýverið út sína þriðju breiðskífu, Dark Horse, og mun flytja lögin af nýju plötunni, ásamt hljómsveit.

**Hvað?** Hin fyrstu jól
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Aðventkirkjan, Ingólfsstræti
Kötlurnar hafa tekið að sér að hringja inn jólin og koma öllum í ærlegt jólaskap á jólatónleikum sínum – Hin fyrstu jól. Kötlur lofa ljúfum jólatónum og notalegri stemmingu í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti.

### Viðburðir

**Hvað?** Prump í Paradís – Batman & Robin
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Prump í Paradís er mánaðarlegur viðburður í Bíói Paradís. Hugleikur Dagsson sýnir bestu verstu myndir í heimi og talar um þær ásamt góðum gestum. Prumpið að þessu sinni er stórvirkið Batman & Robin (1997) með Arnold Schwarzenegger og öðrum aðeins minna merkilegum leikurum í aðalhlutverkum. Eftir myndina munu Hulli og Steindi Jr. ræða myndina.



Steindi er gestur Hugleiks í Prumpi í Paradís þennan mánuðinn og munu þeir ræða kvikmyndina Batman & Robin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** Útgáfuhátíð í Stúdentakjallaranum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Fjórir rithöfundar, sem allir gefa út hjá bókaútgáfunni Bjarti, halda sameiginlega útgáfuhátíð þar sem þeir kynna nýjar bækur sínar og lesa upp úr þeim. Þetta eru þeir Bragi Ólafsson, Dóri DNA, Kött Grá Pje og Ragnar Helgi Ólafsson. Dagskráin hefst kl. 20 í Stúdentakjallaranum og eru allir velkomnir.

**Hvað?** Útgáfuteiti: Ós – the journal
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gröndalshús, Fischersundi
Ós Pressan stendur fyrir útgáfuteiti í tilefni af annarri útgáfu Ós – The Journal sem er fjölþjóðlegt bókmenntatímarit. Í útgáfuteitinu gefst færi á að fagna með rithöfundum og stofnendum Ós Pressunnar, skoða nýju útgáfuna og njóta upplestrarins.

**Hvað?** Jólabókakvöld Leiðsagnar – félags leiðsögumanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Cinema no2, Geirsgötu
Eftirtaldir höfundar kynna verk sín: Árni Tryggvason leiðsögumaður What, Where and How in Iceland, Gísli Pálsson mannfræðingur Fjallið sem yppti öxlum, Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur Exploring Iceland's Geology og Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur Blóðuga jörð, síðustu bókina í þríleik sínum um Auði djúpúðgu.

**Hvað?** Dansleikur
**Hvenær?** 20.00

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Killing of a Sacred Deer | 17:45, 20:00 |
| The Party | 18:00, 23:00 |
| Undir Trénu ENG SUB. | 18:00 |
| Prump í Paradís: Batman & Robin | 20:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB. | 20:00 |
| Mother! | 22:15 |
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 22:00 |

THE PARTY – A comedy of tragic proportions – A film by Sally Potter
The Killing of a Sacred Deer



Vilborg Davíðsdóttir mætir á Jólabókakvöld Leiðsagnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Sving, Rokk 'n' Roll, sænskt bugg, tjútt og gömlu dansarnir. Friðrik sér um tónlistina. Allir velkomnir.

**Hvað?** Horfið / Elísabet Birta Sveinsdóttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Horfið – gjörningur eftir Elísabetu Birtu Sveinsdóttur – tónlist í samstarfi við Ísabellu Katarínu Márusdóttur.

**Hvað?** Skáldsagnakvöld – C is for Cookie
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** C is for Cookie, Týsgötu
Einstaklega fjölbreytar og skemmtilegar bækur verða á boðstólum: Ármann Jakobsson – Brotamynd, Jón Sigurður Eyjólfsson – Tvíflautan, Yrsa Þöll Gylfadóttir – Móðurlífið, blönduð tækni, Eyrún Ósk Jónsdóttir og Helgi Sverrisson – Ferðin til Mars og Einar Már Guðmundsson – Passamyndir.

**Hvað?** Bókaupplestur með höfundum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kirsuberjatréð, Vesturgötu
Fjórir höfundar lesa upp í Kirsuberjatrénu: Halldór Armand, Jóga, Björn Halldórsson og Elísa Jóhannsdóttir.

**Hvað?** Femínískt jólabókakósý Tabú
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Andrými, Vonarstræti
Í kvöld mun Tabú standa fyrir femínísku jólabókakósý á annarri hæð í Iðnó. Þá mun María Þ. Hreiðarsdóttir, rithöfundur og baráttukona, lesa upp úr nýútkominni bók sinni Ég lifði í þögninni. Bókina skrifaði María í samstarfi við Guðrúnu Stefánsdóttur.






# Gjörningurinn Horfið fluttur í Mengi í kvöld

Gjörningurinn Horfið eftir Elísabetu Birtu Sveinsdóttur verður sýndur í Mengi í kvöld klukkan níu. Tónlistin er unnin í samstarfi við Ísabellu Katarínu Márusdóttur.

„Sýningin er á mörkum þess að vera myndlist, dans eða tónleikar og fjallar um hlutgervingu kvenlíkamans líkt og dýra í neyslusamfélagi samtímans, verkið byggist á yfirdrifinni tilvistarkreppu og uppgjöf gagnvart mannskepnunni. Endurtekning og þráhyggja í verkinu sem birtist í gjörðum flytjandans snýst um sjálfsmeiðingu í vítahring kapítalismans, samfélagsins sem er eins og fangelsi. Persónan er sértekning eða abstraktisering á göllum manneskjunnar í nútímanum, hún er gagnrýnin en einnig sek, lifir og tekur þátt í umhverfi sem hún skapaði utan um sig sjálfa sem er að kúga hana," segir Elísabet en hún sviðs- og myndlistarkona sem er búsett í Reykjavík.

> SÝNINGIN ER Á MÖRKUM ÞESS AÐ VERA MYNDLIST, DANS EÐA TÓNLEIKAR.

Elísabet hefur síðustu ár unnið mikið með birtingarmyndir kvenlíkamans og hvernig hann er meðhöndlaður og hlutgerður í neyslusamfélagi nútímans.

Elísabet sýndi verkið 51. A.D. á samsýningunni Svipasafnið í Verksmiðjunni á Hjalteyri og verkið Cold Intimacy sem hún frumflutti í Mengi sumarið 2016. Hún er útskrifuð með BA-gráðu í samtímadansi frá Listaháskóla Íslands og BA-gráðu í myndlist frá sama skóla. – sþh






# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**PJ KARSJÓ**
KL. 20:15

Skemmtilegasti bílaþáttur heims í umsjón Péturs Jóhanns einkennist af hraða, spennu og húmor. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Algerlega sprenghlægilegur kaggaþáttur af bestu gerð!

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**BALTIMORE RISING**
KL. 22:30

Heimildarmynd frá HBO um ástandið í Baltimore eftir að Freddie Grey, 25 ára gamall blökkumaður, lést af völdum áverka sem hann hlaut í haldi lögreglu.

**MASTERCHEF**
KL. 19:30

Í þessum lokaþætti kemur í ljós hver hefur vinninginn í þessari hörkuspennandi matreiðslukeppni.

Loka-þáttur



**THE GOOD DOCTOR**
KL. 20:55

Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?



**YOU, ME AND DUPREE**
KL. 22:00

Skemmtileg gamanmynd um nýgift hjón og óþolandi vin þeirra með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.20** **Kalli kanína og félagar**
**07.45** **Tommi og Jenni**
**08.05** **The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **Jamie's Super Food**
**11.05** **Project Runway**
**11.50** **Hell's Kitchen USA**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **How to Be Single**
**14.50** **Dare to Be Wild**
**16.35** **The Goldbergs**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.25** **Fréttayfirlit og veður**
**19.30** **Masterchef USA**
**20.15** **PJ Karsjó**
**20.45** **The Good Doctor** Vandaðir og dramatískir þættir með Freddie Highmore í aðalhlutverki. Þeir fjalla um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með savant-heilkenni og er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.
**21.35** **NCIS**
**22.20** **Baltimore Rising** Heimildarmynd frá HBO um ástandið í Baltimore eftir að Freddie Grey, 25 ára gamall blökkumaður, lést af völdum áverka sem hann hlaut í haldi lögreglu.
**23.55** **Room 104**
**01.05** **Absentia**
**01.55** **Shameless**
**02.50** **The Mentalist**
**03.35** **The Transporter Refueled** Glæpamynd frá 2015 sem fjallar um fyrrverandi hermanninn Frank Martin sem er sérhæfður í flutningum fyrir glæpamenn, líklega sá besti í bransanum. Reglur hans eru skýrar og hann gætir þess að halda sig alltaf við áætlanir og spyrja aldrei neinna spurninga. Vinnan hefur gengið eins og í sögu þangað til hin dularfulla Anna ræður hann til starfa og svíkur hann. Með aðstoðarfólki sínu hefur Anna rænt föður Franks til þess að kúga hann til þess að útrýma rússneskri glæpaklíku sem stundar mansal. Frank, sem nú er í hefndarhug, neyðist til að brjóta allar reglur sínar og fara í hættulegasta verkefni sitt til þessa.
**05.10** **How to Be Single**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** **Liverpool - S. Moscow**
**08.50** **Meistaradeildarmörkin**
**09.20** **Real Madrid - Dortmund**
**11.00** **Shakhtar Donetsk - Manchester City**
**12.40** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**13.05** **Tottenham - Apoel**
**14.45** **Liverpool - S. Moscow**
**16.25** **Meistaradeildarmörkin**
**16.55** **Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**17.45** **Haukar - Breiðablik**
**20.00** **Haukar - ÍR**
**22.10** **NFL Gameday**
**22.40** **Limassol - Everton**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.55** **KR - Tindastóll**
**11.25** **Domino's-körfuboltakvöld**
**13.15** **NBA - Dr. J - The Doctor**
**14.25** **Messan**
**16.10** **Arsenal - Manch. United**
**17.55** **Limassol - Everton**
**20.00** **Arsenal - Bate Borisov**
**22.05** **Premier League World**
**22.35** **Austria Wien - AEK Aþena**

## STÖÐ 3

**17.30** **Gilmore Girls**
**18.15** **Fresh off the Boat**
**18.40** **The Big Bang Theory**
**19.05** **Modern Family**
**19.30** **Seinfeld**
**19.55** **Friends**
**20.20** **Næturvaktin**
**20.50** **Gotham**
**21.35** **The Secret**
**22.25** **Clipped**
**22.50** **Six Feet Under**
**23.45** **Eastbound & Down**
**00.40** **Modern Family**
**01.05** **Seinfeld**
**01.30** **Friends**
**01.55** **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05** **Stóri og Litli**
**07.18** **Víkingurinn Viggó**
**07.27** **Tindur**
**07.38** **Mæja býfluga**
**07.50** **Elías**
**08.00** **Dóra könnuður**
**08.24** **Mörgæsirnar**
**08.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00** **Áfram Diego, áfram!**
**09.24** **Svampur Sveinsson**
**09.49** **Lalli**
**09.55** **Rasmus Klumpur**
**10.00** **Strumparnir**
**10.25** **Hvellur keppnisbíll**
**10.37** **Ævintýraferðin**
**10.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00** **Stóri og Litli**
**11.13** **Víkingurinn Viggó**
**11.27** **Tindur**
**11.38** **Mæja býfluga**
**11.50** **Elías**
**12.00** **Dóra könnuður**
**12.24** **Mörgæsirnar**
**12.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00** **Áfram Diego, áfram!**
**13.24** **Svampur Sveinsson**
**13.49** **Lalli**
**13.55** **Rasmus Klumpur**
**14.00** **Strumparnir**
**14.25** **Hvellur keppnisbíll**
**14.37** **Ævintýraferðin**
**14.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00** **Stóri og Litli**
**15.13** **Víkingurinn Viggó**
**15.27** **Tindur**
**15.38** **Mæja býfluga**
**15.50** **Elías**
**16.00** **Dóra könnuður**
**16.24** **Mörgæsirnar**
**16.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00** **Áfram Diego, áfram!**
**17.24** **Svampur Sveinsson**
**17.49** **Lalli**
**17.55** **Rasmus Klumpur**
**18.00** **Strumparnir**
**18.25** **Hvellur keppnisbíll**
**18.37** **Ævintýraferðin**
**18.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00** **Jóladagatal Afa**
**19.05** **Peter and Petra**



**Mörgæsirnar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.40** **Golfing World**
**09.30** **Omega Dubai Ladies Masters**
**12.30** **Omega Dubai Ladies Masters**
**15.30** **Presidents Cup - Official Film**
**16.20** **Hero World Challenge**
**21.20** **PGA Highlights**
**22.15** **Golfing World**
**23.05** **Omega Dubai Ladies Masters**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.05** **A Royal Night Out**
**13.45** **The Fits**
**15.05** **Tootsie**
**17.00** **A Royal Night Out** Rómantísk mynd frá 2015 með Emily Watson, Rupert Everett og Söruh Gadon. Dagin sem seinni heimsstyrjöldinni lýkur árið 1945, og friður færist yfir Evrópu á ný, fá prinsessurnar Elizabeth og Margaret leyfi til að taka þátt í hátíðarhöldunum.
**18.40** **The Fits**
**20.00** **Tootsie** Skemmtileg Óskarsverðlaunamynd með Dustin Hoffman í aðalhlutverki. Hann leikur Dorsey, atvinnulausan leikara sem þykir erfiður í samskiptum og dulbýr sig sem konu til að fá hlutverk í sápuóperu. Dorsey finnur sig vel í hlutverkinu og verður smátt og smátt þessi kona sem hann leikur, og heillar konur um allt land og hvetur þær til að losna undan oki karla og verða meira eins og hún.
**22.00** **You, Me and Dupree**
**23.55** **Central Intelligence**
**01.45** **Nobody Walks**
**03.10** **You, Me and Dupree** Rómantísk gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum. Peterson hjónin eru nýgift og hæstánægð með lífið þegar besti vinur brúðgumans flytur inn. Fljótlega fer að halla undan fæti í hjónabandinu enda er gesturinn varla húsvaninn.

## RÚV

**17.05** **Heimsleikarnir í Crossfit**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Stundin okkar**
**18.25** **Jóladagatalið: Snæholt**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.40** **Kastljós og Menningin**
**20.05** **Rio Ferdinand: Í móðurstað**
**21.10** **Gæfusmiður**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.25** **Glæpahneigð**
**23.10** **Neyðarvaktin**
**23.50** **Kastljós og Menningin**
**00.10** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **The Tonight Show**
**09.45** **The Late Late Show**
**10.25** **The Voice USA**
**11.55** **Síminn + Spotify**
**12.50** **Dr. Phil**
**13.30** **Life in Pieces**
**13.55** **Survivor**
**14.40** **Survivor**
**15.25** **Family Guy**
**15.50** **Solsidan**
**16.15** **Everybody Loves Raymond**
**16.40** **King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **The Late Late Show**
**19.45** **America's Funniest Home Videos**
**20.10** **Admission**
**22.05** **Bridget Jones Diary**
**23.45** **My Summer of Love**
**01.55** **The Late Late Show**
**02.35** **24**
**03.20** **Law & Order: Special Victims Unit**
**04.05** **Elementary**
**04.50** **Agents of S.H.I.E.L.D.**
**05.35** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# VORUM AÐ OPNA VEFVERSLUN Í DAG

## WWW.ELLINGSEN.IS

20%

AFSLÁTTUR

Á WWW.ELLINGSEN.IS

AF ÞVÍ TILEFNI

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916

WWW.ELLINGSEN.IS

# JÓLADAGAR ÍS-BA

- 890.000 kr.



## GRAND CHEROKEE
32” dekk, leðurinnrétting
Verð frá: Laredo 9.480.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 8.590.000 kr.

- 500.000 kr.



## CHEROKEE
Verð frá: Longtitude 6.790.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 6.290.000 kr.

- 1.000.000 kr.



## DODGE DURANGO GT
Verð frá: 7 manna lúxusjeppi 10.150.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 9.150.000 kr.

- 400.000 kr.



5 ÁRA ÁBYRGÐ

## FIAT 500
Verð frá: Pop 2.390.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 1.990.000 kr.
Fleiri útfærslur í boði

- 250.000 kr.



5 ÁRA ÁBYRGÐ

## FIAT FIORINO
Flutningsrými 2.5m³
Burðargeta 556kg

- 350.000 kr.



## FIAT DOBLO OG DOBLO MAXI
5 ÁRA ÁBYRG
Flutningsrými 3.4m³ - 4.2m³
Burðargeta 750kg - 950kg

TILBOÐIN GILDA T

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Dodge, Fiat, Jeep og R
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is

# AND - RÝMUM TIL!

Jeep®

- 500.000 kr.



- 400.000 kr.



COMPASS
Verð frá: Launch Edition 6.260.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 5.760.000 kr.
Fleiri útfærslur í boði

RENEGADE
Verð frá: Longtitude 4.390.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 3.990.000 kr.

- 500.000 kr.



- 1.000.000 kr.



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT TIPO
Verð frá: HB Easy 3.090.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 2.590.000 kr.
Fleiri útfærslur í boði

5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT 500X
Verð frá: 4x4 4.890.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 3.890.000 kr.

- 600.000 kr.



- 500.000 kr.



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT DUCATO
Flutningsrými 11.5m³ - 13.3m³
Burðargeta 1500kg

5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT TALENTO COMBI
1.6 dísel Twin Turbo 125hö
9 manna langur

TIL 31. DESEMBER

Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
- Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

# Tugir þúsunda stefna á HM í Rússlandi

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins ætla 14 prósent þeirra sem tóku afstöðu að rúlla til Rússlands að horfa á HM. Það gera um 37 þúsund manns, séu niðurstöðurnar yfirfærðar á alla landsmenn á aldrinum 18 ára og eldri.

Í könnun Fréttablaðsins var hringt í 1.316 manns þar til náðist í 804 samkvæmt lagskiptu úrtaki þann 4. desember. Spurt var: Ætlar þú á HM í Rússlandi 2018? Alls tóku 89 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar, níu prósent voru óákveðin og tvö prósent svöruðu ekki spurningunni.

Fjórtán prósent segjast ætla að fara til Rússlands og fylgjast með frumraun íslenska landsliðsins á Heimsmeistaramótinu í fótbolta. Sé niðurstaðan yfirfærð á alla landsmenn á aldrinum 18 ára og eldri má áætla að rétt rúmlega 37 þúsund ætli að fara á HM. Þess má geta að talið var að átta prósent þjóðarinnar, eða 27 þúsund manns, hafi verið í Frakklandi á Evrópumótinu árið 2016.

Mun fleiri í aldurshópnum 18-49 ætla til Rússlands á HM, eða 18 prósent, en þeir sem eru í hópnum 50 ára og eldri en aðeins sjö prósent svöruðu því játandi. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Ísland spilar í borgunum Moskvu, Volgograd og Rostov en liðið er í riðli með Argentínu, Nígeríu og Króatíu. Vinni Ísland D-riðilinn verður spilað í Nizhny Novgorod þann 1. júlí gegn liðinu í öðru sæti í C-riðli. Lendi íslenska landsliðið í öðru sæti riðilsins verður spilað við sigurvegarann í C-riðli í Kazan.

Það er mikil ásókn í miða á leiki á HM í Rússlandi en miðasalan er opin út janúarmánuð. Ekki er um að ræða „fyrstur kemur, fyrstur fær“ heldur er þetta í raun happdrætti. Knattspyrnusamband Íslands á rétt á átta prósentum miða í boði á leikina þrjá í riðlakeppninni. Leikirnir fara allir fram á 45 þúsund manna völlum þannig að Íslendingar geta fengið í kringum 3.600 miða.

KSÍ segir frá því á heimasíðu sinni að íslenska sambandið, ásamt öðrum þjóðum, hafi verið í sambandi við FIFA og beðið um að þetta hlutfall verði hækkað.

benediktboas@365.is



Gylfi Sigurðsson verður í eldlínunni með íslenska landsliðinu í Rússlandi.

Leo Messi hefur eðlilega miklar áhyggjur af íslenska liðinu. Vonandi allavega.

**8%**
kvenna sögðust ætla að fara á HM í Rússlandi.

**20%**
karla sögðust ætla að fara á HM í Rússlandi.



GÓÐUR BÍLL
BETRI DÍLL
AÐEINS
24 ÞÚS
Á MÁNUÐI*
YARIS
VERÐ KR.
1.790 ÞÚS.
TOYOTA
YARIS 2017
EKNIR 25-30 ÞÚS
KAUPAUKI
AÐ VERÐMÆTI
250.000
√ NÝJAR 15" ÁLFELGUR (svart/silfraðar)
√ NÝ VETRARDEKK
√ FILMUR Í AFTURGLUGGUM
Komið og reynsluakið
√ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð***
√ Allt að 100% lánamöguleiki****
√ Til í ýmsum litum
√ Handfrjáls búnaður (bluetooth)
√ Góð endursala
√ Tökum bíla uppí
√ Allir bílar með USB og AUX
Búnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn sölubílum - Takmarkað magn
* Miðað við 20% útborgun í 84 mánuði - Yaris 1,0 bensín, beinskiptir - Kynntu þér lánamöguleika hjá sölumönnum okkar
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!












# Ljóð í tísku þessa stundina

Ljóð hafa ekki verið eins vinsæl í langan tíma og þau eru núna. Hver ljóðabókin kemur út á eftir annarri og ung ljóðskáld eru að spretta upp í auknum mæli. Ljóðaunnendur ættu því að vera sáttir.

Valgerður Benediktsdóttir hjá Forlaginu er ein þeirra sem fylgjast vel með því sem er að gerast í ljóðaheiminum og hún verður þess vör að ljóð séu að verða æ vinsælli. „Ég les mikið af ljóðum. Og það hefur verið dásamlegt að fara í ljóðamó í haust. Hver bókin á eftir annarri hefur verið sérlega forvitnileg.“

Valgerður segir margar af þeim ljóðabókum sem hún hefur lesið undanfarið eiga það sameiginlegt að myndmálið er áberandi flott og ljóðin eru frumleg, fersk og grípandi. „Mörg skáld af yngri kynslóðinni eru að blómstra núna á einhvern heillandi hátt og það er athyglisvert hvað þau eru óhrædd við að snerta þessa lýrísku taug.“

Hún er sammála því að tíska ljóðanna komi í bylgjum og virðist vera í einhverju hámarki núna. „Mér finnst sífellt fleiri, ekki síst ungir lesendur, vera að átta sig á að ljóð er galdur sem eftirsóknarvert er að kynna sér. Ljóð er einmitt það sem við þurfum dag hvern, rétt eins og D-vítamínið,“ segir Valgerður glöð í bragði. „Eða eins og Dagur Hjartarson orðaði það fyrir stuttu: „Ljóðið er eins og útsýnispallur yfir líf manns.“ Við þurfum öll útsýnispall til að skynja heiminn og skilja,“ segir Valgerður og hvetur til útsýnispallakaupa í bókabúðum.

Spurð um hvað hún haldi að sé að valda þessum uppgangi í ljóðaheiminum segir Valgerður: „Það kemur nú ugglaust margt til. En manni verður ósjálfrátt hugsað til Sigurðar heitins Pálssonar skálds. Hann var leiðbeinandi í Meistaranámi í ritlist við HÍ og ég hef verið að velta fyrir mér áhrifunum sem hann hann hefur mögulega haft á mörg þessara ungu skálda sem kynntust honum. Ég hafði sjálf Sigga sem kennara í kvikmyndafræðum uppi í HÍ á sínum tíma og hann hafði feikileg áhrif á mig, bæði hvernig ég skoðaði texta og bíó æ síðan. Hann var stórkostlegur leiðbeinandi og maður hreinlega upptendraðist af því að vera samvistum við hann. Og það er einmitt eitt unga skáldið í haustbókaflóðinu, Fríða Ísberg, sem þakkar Sigurði í lok sinnar bókar fyrir „upptendrunina“. Ég veit nákvæmlega hvað hún á við.“



Valgerður segir ljóð vera eins og D-vítamín.

> **ÉG LES MIKIÐ AF LJÓÐUM. OG ÞAÐ HEFUR VERIÐ DÁSAMLEGT AÐ FARA Í LJÓÐAMÓ Í HAUST.**
>
> Valgerður Benediktsdóttir

## Skemmtileg og fjölbreytt sena

Ljóðskáldið Fríða Ísberg er fædd 1992 og hún er ein af þeim sem eiga ljóðabók í bókaflóru haustsins, bókina Slitförin. Aðspurð hvernig hún byrjaði að semja ljóð kveðst hún hafa skrifað ljóð síðan hún var barn. „Ég hef reyndar alltaf verið að skrifa ljóð. Ég man ekki eftir mér án þess að hafa verið að skrifa ljóð. Ég er algjörlega af tölvukynslóðinni og þegar pabbi sá að ég var að safna í ljóðamöppu þá kynnti hann mig fyrir ljod.is. Þannig að þar má finna fullt af ljóðum eftir mig, eftir svona 10 ára gamla Fríðu,“ segir hún og hlær.



Valgerður gæti trúað að Sigurður Pálsson hafi haft mikil áhrif á ungu skáldin sem eru að spretta upp núna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fríða segir ljóðasenuna sem er í gangi núna vera áhugaverða og að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Ljóðasenan er ótrúlega skemmtileg í augnablikinu og ég myndi segja að á henni væru margir angar. Meðgönguljóð hafa verið mest áberandi fyrir ungskáldin í dag en svo eru skáld alltaf dugleg við að rotta sig saman.“

Fríða bætir við að það sé þó mikilvægt að einhver taki við stýrinu hverju sinni svo að ljóðasenan nái að blómstra. „Það er gott þegar það er einhver hattur sem fólk getur sótt í, fólk sem hefur verið í sínu horni að semja ljóð. Á síðustu fimm árum, frá því að ég byrjaði að sækja ljóðasenuna, hafa ýmsir hópar verið virkir; Meðgönguljóð kannski mest áberandi, Blekfjelagið – félag ritlistarnema við HÍ, Fríyrkjan og grasrótarforlagið Lús, Ós Pressan og fleiri.“

gudnyhronn@365.is



# SPARAÐU

# 25%

## þegar þú kaupir fyrir meira en 4.100*

*Gildir ekki fyrir Lego, spjaldtölvur, leikjatölvur, gjafakort og vörur sem eru þegar á afslætti.





Toys Я Us®

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 29.11.17 – 05.12.17







**1** **Myrkrið veit** Arnaldur Indriðason

**2** **Gatið** Yrsa Sigurðardóttir






**3** **Mistur** Ragnar Jónasson

**4** **Saga Ástu** Jón Kalman Stefánsson






**5** **Sakramentið** Ólafur Jóhann Ólafsson

**6** **Amma best** Gunnar Helgason






**7** **Þitt eigið ævintýri** Ævar Þór Benediktsson

**8** **Sönglögin okkar** Ýmsir höfundar







**9** **Heima** Sólrún Diego

**10** **Sonurinn** Jo Nesbø

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





**Strákarnir fóru saman út að borða og eitt leiddi af öðru og nú er komin heil plata.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Svo gaman að þeir gátu ekki stoppað

Goðsagnakennda pönksveitin Tappi Tíkarrass sendir frá sér nýja plötu í dag. Hún er sambland laga frá upphafsárum bandsins og nýrra laga og það erfitt að átta sig á hvað er nýtt og hvað er gamalt.

Við byrjuðum að hittast að gamni okkar fyrir að verða þremur árum og rifja upp þessi lög sem við sömdum þegar bandið var að byrja. Þá vorum við bara fjórir og Björk ekki komin í sveitina. Á þessu tímabili sömdum við alveg helling af lögum sem síðan duttu út þegar Eyþór hætti. Þegar við vorum búnir að rifja þetta allt upp fórum við í að semja nýtt. Svo spiluðum við á tónleikunum Fullveldispönk fyrir um ári og fórum í framhaldi af því í stúdíó og vorum bara allt í einu búnir að taka upp fjórtán lög … þetta bara gerðist eiginlega – þetta var svo gaman að við bara gátum ekki stoppað,“ segir Jakob Smári Magnússon, bassaleikari og einn stofnenda hinnar goðsagnakenndu pönkhljómsveitar Tappa Tíkarrass.

Í dag skipa sveitina, fyrir utan Jakob Smára, Eyþór Arnalds sér um sönginn, Eyjólfur Jóhannsson á gítar og Guðmundur Þór Gunnarsson á trommunum.

„Við erum náttúrulega gamlir vinir sem svo fóru hver í sína áttina. Bandið var upphaflega stofnað í kringum vináttu okkar. Við fórum út að borða, þá kom þessi hugmynd. Við hringdum í Gumma trommara og fundum æfingapláss, svo var bara talið í og ekki aftur snúið.“

> **VIÐ HRINGDUM Í GUMMA TROMMARA OG FUNDUM ÆFINGAPLÁSS, SVO VAR BARA TALIÐ Í OG EKKI AFTUR SNÚIÐ.**

Allir hafa þeir komið að tónlist eftir að Tappi Tíkarrass lagði upp laupana. Jakob Smári og Guðmundur voru saman í Das Kapital, Jakob og Eyjólfur í SSSól og svo var Jakob með í Todmobile á upphafsárum sveitarinnar en Eyþór var auðvitað þar líka.

„En eftir að við hættum að spila saman, þá hættum við að hittast, það er eins og að við þurfum músíkina til að tengja okkur – til að við höfum ástæðu til að hittast.“

Jakob segir það nokkuð hressandi að dunda sér svona við tónlistina í hjáverkum.




**Platan kemur út á geisladisk og vínyl.**

„Það er svo langt síðan maður hefur verið í svona bandi, þar sem menn koma bara saman og kasta fram einhverjum lagbút eða hugmynd og svo eru allir saman að semja. Maður er ekki að spila fyrir aðra. Þetta hefur maður ekki gert síðan að Sólin [SSSól] var að byrja – menn mættu með eitthvert riff og svo var unnið út frá því. Það eru líka engar kvaðir – það er ekkert verið að hugsa um að við þurfum að koma með einhvern „hittara“ fyrir sumarið eða eitthvað, heldur bara gera það sem okkur finnst skemmtilegt.

Á plötunni er sambland laga frá upphafsárum Tappa Tíkarrass, laga sem komu út áður en Björk gekk í sveitina og þau gáfu út sína fyrstu EP-plötu, og nýrra laga sem þeir hafa verið að brugga upp á síðkastið.

„Það eru fjögur gömul sem voru samin 1981 og síðan eru tíu ný. Þau blandast bara mjög vel saman, ég er ekkert viss um að fólk átti sig á því hvort eru gömlu og hvort eru nýju lögin. Reyndar er eitt lag þarna sem heitir það sama og fyrsta platan okkar, Bitið fast í vitið, en lagið var ekki á plötunni – en það er í raun eina tengingin við síðustu öld.“

Platan kemur út í dag og nefnist hún einfaldlega Tappi Tíkarrass. Hún verður fáanleg á geislaplötu og vínyl. Tappinn stefnir á að fagna útgáfunni í janúar með tónleikum en það er engin dagsetning komin á þann fagnað.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# Tilboð!

**LJÓS**
Laser 8 mismunandi myndir með tímastilli
**5.595kr.**
51880638
Almennt verð: 7.495kr.

Hægt að tengja saman margar seríur

**25% AFSLÁTTUR AF SYSTEM 24™ ÚTISERÍUM**



# JÓLA-FJÖR

Skoðaðu handbókina á byko.is

*Harðir pakkar með notagildi!*

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 13. desember. eða á meðan birgðir endast

## BOSCH smáraftæki

Gerðu frábær kaup!

**25% AFSLÁTTUR**





**25% AFSLÁTTUR**

## 6 gervijólatré á tilboði

| | Stærð | alm. verð | m/afslætti |
|---|---|---|---|
| 88968024 | 90cm | 1.295 kr. | 970 kr. |
| 88968028 | 120cm | 2.995 kr. | 2.245 kr. |
| 88968029 | 150cm | 4.995 kr. | 3.745 kr. |
| 88968030 | 180cm | 8.395 kr. | 6.295 kr. |
| 88968031 | 210cm | 9.995 kr. | 7.495 kr. |
| 88968041 | 210cm hvítt | 11.995 kr. | 8.995 kr. |

**MATARSTELL**
með gylltu og bláu, gylltu eða silfur skrauti
**11.245kr./stellið**
41100142/45/46
Almennt verð: 14.995kr.

39 stk

fyrir 6



POWERPLUS HIGH QUALITY TOOLS

**RAFHLÖÐUBORVÉL**
2x18V-Li 275 stk
**15.995kr.**
740800067
Almennt verð: 19.995kr.

275 stk



Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
SKREYTUM SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Tómasar Þórs Þórðarsonar




## „Jæja ... hvað er svo að frétta?“

Ef það er eitt sem má ekki klikka við matarborðið klukkan 18.00 á aðfangadag eru það samræðurnar. Það er hætt við því þegar fólk er búið að vera í jólastressi í nokkra daga og vikur að undirbúa allt og gestgjafinn á fullu að elda og gera klárt að sumir upplifi hreinlega spennufall þegar maturinn er mættur á borðið.

Það er fátt verra en að vera mættur í sínu fínasta pússi að borða dýrindis mat og heyra frá einhverjum: „Jæja ... hvað er svo að frétta?“ eftir þrúgandi þögn á meðan fyrsti bitinn er tekinn.

Þess vegna er ekki úr vegi að fara yfir svona það helsta sem hægt er að ræða um við jólaborðið eða aðallega hvernig hlutirnir eru ræddir því það skiptir máli.

Helstu málefnin eru auðvitað nýja ríkisstjórnin og HM í Rússlandi. Varið ykkur þó á því að fara of djúpt í pólitískar samræður. Þær má geyma til páska. Pælið meira bara í fólkinu sjálfu og hvernig það kemur fyrir. Það eru í raun allir Framsóknarmenn þegar kemur að jólaborðinu. Það horfa bara allir á miðjuna þar sem steikin bíður.

„Á svo að fara til Rússlands?“ verður væntanlega spurning ársins á aðfangadag en passið ykkur þar. Það verða vafalítið mjög margir sem gefa sér eða öðrum miða á leiki og/eða flug til Rússlands. Nú eða loforð um slíkt. Ekki því vera að pína það upp úr fólki við matarborðið. Betra er að tala um hversu spennandi þetta er og hversu gaman það verður að mæta Messi.

Nú ef allt fer í þrot og þagnirnar verða of margar og þrúgandi má alltaf líta út um gluggann og segja: „Það á víst að fara að kólna.“


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland




